

# Íslenska – Tölum saman

## Kennslubók fyrir byrjendur í íslensku

Kristjana Þórdís Jónsdóttir og Sigrún Eiríksdóttir

## Efnisyfirlit

| | | blaðsíða |
|---|---|---|
| **Kafli 1** | **Að heilsa og kveðja** | **3 – 9** |
| **Kafli 2** | **Fjölskyldan** | **10 – 19** |
| **Kafli 3** | **Maturinn** | **20 – 34** |
| **Kafli 4** | **Skólinn og vinnan** | **35 – 50** |
| **Kafli 5** | **Líkaminn og heilsan** | **51 – 59** |
| **Kafli 6** | **Heimilið** | **60 – 69** |
| **Aukaefni** | **Para- og hópverkefni** | **70 – 96** |

*Námsefni þetta hentar vel nemendum í efri deildum grunnskóla og framhaldsskóla en jafnframt fullorðnu fólki sem er að stíga sín fyrstu skref í íslenskunámi. Efnið er unnið í samræmi við færnimarkmið námskrár mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Aðaláherslan er hér á talað mál og tengist efni bókarinnar aðallega daglegu lífi.*

*Hugmyndin með gerð þessa efnis var að setja saman kennsluefni sem hentaði heilum áfanga í framhaldsskóla, grunnáfanga í tali í íslensku fyrir útlendinga.*
*Höfundar eru tungumálakennarar og hafa starfað við Fjölbrautaskólann við Ármúla í fjölda ára.*
*Við gerð **Íslenska – Tölum saman** fengu höfundar styrk úr Þróunarsjóði námsgagna sem Rannís, Rannsóknarmiðstöð Íslands veitir.*

*Með kveðju*
*Kristjana Þórdís og Sigrún*

1. útgáfa 2022

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

Kafli 1 – fyrsti kafli

# Að heilsa og kveðja



## Hverjir eru að tala saman? Tengdu saman mynd og texta.

**A**

◊ Halló!

• Halló!

◊ Hvað heitirðu?

• Ég heiti Helgi, en þú?

◊ Ég heiti Jón.

• Sæll Jón, gaman að hitta þig.

◊ Já sömuleiðis.
Býrð þú hérna nálægt Helgi?

• Já ég bý í Breiðholti en þú?

◊ Ég á heima í miðbænum núna.

**B**

• Góðan daginn.

◊ Góðan dag.

• Hvað heitir þú?

◊ Ég heiti Hrefna Baldursdóttir.

• Hvernig stafar maður Hrefna?

◊ H-R-E-F-N-A.

• Hvert er heimilisfangið þitt?

◊ Það er Þorragata sjö.

• Átt þú pantaðan tíma?

◊ Já, ég á pantaðan tíma hjá Olgu .

**C**

◊ Hæ!

• Hæ! Hvað segir þú?

◊ Ég segi fínt, en þú?

• Bara fínt.

◊ Ertu að fara í tíma núna?

• Já í íslensku? En þú?

◊ Nei, ég er búinn í dag.

• Eigum við að hittast eftir skóla?

◊ Já gerum það!



☐ **A** ☐ **B** ☐ **C**



☐ **A** ☐ **B** ☐ **C**



☐ **A** ☐ **B** ☐ **C**



## Við segjum ...





**Góðan dag**
**Góðan daginn**





**Gott kvöld**
**Góða kvöldið**





**Góða nótt**

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Við segjum …

**Við heilsum …**

Góðan dag – Góðan daginn
Gott kvöld – Góða kvöldið
Hæ – Halló – Sæl - Sæll

| | | |
|---|---|---|
| Gaman að sjá þig | → | Sömuleiðis |
| Hvað segir þú gott? | → | Ég segi allt gott – Allt fínt – Bara fínt, en þú? ☺ |
| Hvað segirðu? | → | Mest lítið – Ekkert ☹ |
| Sæl hvernig gengur? | → | Bara vel takk, en þér? ☺ Æ, ekki nógu vel ☹ |

**Við kveðjum …**

| | | |
|---|---|---|
| Bless – Bæ | → | Bless bless – Bæ |
| Bless, við sjáumst 👁 | → | Já, bless bless – Já, bæ |
| Bless, við heyrumst 📞 | → | Bless |
| Bæ, bæ | → | Bæ |
| Bless og takk fyrir | → | Takk sömuleiðis |
| Bless og takk fyrir tímann | → | Já, sömuleiðis |
| Góða nótt | → | Góða nótt |

### Hvað er fólkið að segja ?



A



B



C

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



## Við notum …

### Spurnarorðin …

| | |
|---|---|
| **hver** | ........................................................................ |
| **hvernig** | ........................................................................ |
| **hvað** | ........................................................................ |
| **hvar** → ← | ........................................................................ |
| **hvenær** | ........................................................................ |
| **hvaðan** ← | ........................................................................ |
| **hvert** → | ........................................................................ |

### Spurningarnar …

| | | |
|---|---|---|
| **Hvað** heitir þú? | → | Ég heiti ........................................................ |
| **Hvar** býrð þú? | → | Ég bý **í / á** ........................................................ |
| **Hvar** átt þú heima? | → | Ég á heima **í / á** ................................................ |
| **Hvaðan** ert þú? **Hvaðan** ertu? | → | Ég er frá ........................................................ |
| **Hvað** gerir þú? | → | Ég er ......................... Ég vinn **í / á** ......................... |
| **Hvaða** tungumál talar þú? | → | Ég tala ........................................................ |
| **Hvert** ert þú að fara? | → | Ég er að fara **í / á / til** ........................................ |



**Talaðu við félaga þinn, notaðu spurningarnar sem eru hér fyrir ofan.**

| | | |
|---|---|---|
| **Ísland – íslenska** | **Lettland – lettneska** | **Filippseyjar – tagalog** |
| **Þýskaland – þýska** | **Albanía – albanska** | **Tæland – tælenska** |
| **Spánn – spænska** | **Grikkland – gríska** | **Víetnam – víetnamska** |
| **Portúgal – portúgalska** | **Kólumbía – spænska** | **Nepal – nepalska** |
| **Pólland – pólska** | **Ungverjaland – ungverska** | **Afganistan – dari, pastú** |
| **Rúmenía – rúmenska** | **Sómalía – sómalska, arabíska** | **Sýrland – arabíska** |
| **Litáen – litáíska** | **Jemen – arabíska** | **Íran – persneska** |
| **Eistland – eistneska** | **Kína – kínverska** | **Írak – arabíska** |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Íslenska stafrófið – Hljóðin okkar

Aa – Áá – Bb – Dd – Ðð – Ee – Éé – Ff – Gg – Hh – Ii – Íí – Jj – Kk – Ll – Mm – Nn – Oo – Óó – Pp – Rr – Ss – Tt – Uu – Úú – Vv – Xx – Yy – Ýý – Þþ – Ææ – Öö

| | Dæmi: | Mín útskýring ↓ |
|---|---|---|
| A a | Anna, aftur, amma | ................................................ |
| Á á | Ása, ár, átján | ................................................ |
| B b | barn, bara, blóm | ................................................ |
| D d | dagur, land, Díana | ................................................ |
| Ð ð | maður, blað, bjóða | ................................................ |
| E e | Eva, les, gefa | ................................................ |
| É é | ég, stígvél, tré | ................................................ |
| F f | fáni, fara, Hafnarfjörður | ................................................ |
| G g | Gunnar, saga, lag | ................................................ |
| H h | hurð, hérna, Hrefna | ................................................ |
| I i | inni, himinn, Ingi | ................................................ |
| Í í | ís, Íris, bíll | ................................................ |
| J j | já, Jóhann, jæja | ................................................ |
| K k | kona, kjöt, krakkar | ................................................ |
| L l | lás, gallabuxur, fjall | ................................................ |
| M m | mynd, mamma, Magnús | ................................................ |
| N n | Nína, núna, net | ................................................ |
| O o | ormur, Lækjartorg, sofa | ................................................ |
| Ó ó | Ólafur, sól, ósk | ................................................ |
| P p | pipar, tappi, prins | ................................................ |
| R r | Rósa, rauður, refur | ................................................ |
| S s | Sandra, foss, sími | ................................................ |
| T t | Tómas, tala, gott | ................................................ |
| U u | Unnur, fullur, undir | ................................................ |
| Ú ú | úti, úlfur, þú | ................................................ |
| V v | vasi, Davíð, velja, | ................................................ |
| X x | texti, buxur, Alexander | ................................................ |
| Y y | yddari, fyrir, yfir | ................................................ |
| Ý ý | ýsa, ský, nýr | ................................................ |
| Þ þ | Þarna, íþrótt, Þór | ................................................ |
| Æ æ | Ævar, hlæja, strætó | ................................................ |
| Ö ö | Örn, söngvari, ör | ................................................ |

**Tvíhljóðar:**
au → auga, laust | ei → (e+i) sveit, einn | ey → (e+i) leyfi, reykja
æ → (a+i) æfing | á → (a+ú) lána, máta | ó → (o+ú) sól, hjón

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Íslensk stafrófsvísa – Syngjum saman!



*A á b d ð e é*
*f g h i í j k.*
*L m n o ó og p*
*eiga þar að standa hjá.*
*R s t u ú v næst,*
*x y ý svo þ æ ö.*
*Íslenskt stafróf er hér læst*
*í erindi þessi skrítin tvö.*

***Höfundur: Þórarinn Eldjárn***



## Æfum okkur.

**A. Settu viðeigandi spurnarorð í eyðurnar.** Sjá blaðsíðu 5

1. ___________________ heitir konan? Hún heitir Helga.
2. ___________________ kemur hún? Hún kemur frá Finnlandi.
3. ___________________ flýgur hún? Hún flýgur til Íslands.
4. ___________________ er Ísland? Ísland er í Evrópu.
5. ___________________ vinnur hún? Hún vinnur í leikskóla.
6. ___________________ er þetta? Þetta er sonur Helgu.

**B. Raðaðu rauðu orðunum í réttar eyður.**

**er - bý - fer - heitir - heita - er - heiti - eru - býrð - heita - keyrir - eru**

1. Hvað ________________ þú? Ég ________________ Aron.
2. Hvaðan ________________ stelpurnar? Þær ________________ frá Selfossi.
3. Hvar ________________ þú? Ég ________________ í Breiðholti.
4. Hvað ________________ börnin? Þau ________________ Helga og Hannes.
5. Hvert ________________ þessi strætó? Hann ________________ til Keflavíkur.
6. Hvað ________________ Nína gömul? Hún ________________ tólf ára.

**C. Hvað passar saman? Skrifaðu númerin inn í rauðu hringina.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hvar býrð þú? | ◯ | Ég ætla að koma heim á morgun. |
| 2. | Hvað ertu gamall? | ◯ | Ég á tvö börn. |
| 3. | Hvað áttu mörg börn? | ◯ | Ég á heima í Reykjavík. |
| 4. | Hvað finnst þér gaman að gera? | ◯ | Ég er 27 ára gamall. |
| 5. | Hvert ætlar þú að fara núna? | ◯ | Mér finnst gaman að synda. |
| 6. | Hvenær ætlar þú að koma heim? | ◯ | Núna ætla ég að fara til Hafnarfjarðar. |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**D. Samtal – Raðaðu upp í rétta röð.** Skrifaðu tölurnar 1 - 9 við setningarnar.

___ Sæl, ég heiti Þórir, en þú?
___ Hvaðan ertu Angela?
___ Halló, ég heiti Angela.
___ Ég er 25 ára gömul, en þú Þórir?
___ Ég er frá Þýskalandi.
___ Ég er frá Íslandi.
___ En þú, Þórir?
___ Ég er líka 25.
___ Hvað ertu gömul Angela?



**Hvaða fólk er á myndunum? Talaðu við félaga þinn.**



Ralf Merkel

þýska - Þýskaland



Sophie Armand

franska - Frakkland



John Flint

enska - Kanada



Carmen Morales

spænska - Spánn



Leila Ahmadi

persneska - Íran



Gunnar Jónsson

íslenska - Ísland



Darika Saetang

tælenska - Tæland



Afonso Torres

portúgalska – Brasilía

**Spjallaðu við félaga þína. Segðu frá þér. Notaðu allt sem þú hefur lært hér í kaflanum.**

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

| Orðalistinn minn – Ný orð úr þessum kafla | |
|---|---|
| að búa | |
| að eiga heima | |
| að fara í tíma | |
| að finnast gaman | |
| að heilsa | |
| að hittast | |
| að keyra | |
| að kveðja | |
| að panta tíma | |
| heimilisfang | |
| miðbær | |
| nálægt | |
| starfsheiti | |
| sömuleiðis | |
| tungumál | |

**Tónlist vikunnar. Hlustaðu á lagið og gefðu því stjörnur.**

**Lag A:**

**1.** Hvað heitir lagið? ..........................................................................................................

**2.** Hver syngur lagið? ..........................................................................................................

**3.** Hvernig líkar þér lagið? ☆ ☆ ☆ ☆ ☆

**Lag B:**

**1.** Hvað heitir lagið? ..........................................................................................................

**2.** Hver syngur lagið? ..........................................................................................................

**3.** Hvernig líkar þér lagið? ☆ ☆ ☆ ☆ ☆

| Málshættir/orðatiltæki - Þekkir þú orðin? |
|---|
| *Morgunstund gefur gull í mund* → |
| *Ekki er öll nótt úti enn* → |
| *Hálfnað verk þá hafið er* → |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

Kafli 2 – annar kafli

# Fjölskyldan

## Úr fjölskyldualbúminu



**A**

„Þessi mynd er tekin í sveitinni. Mamma mín heitir Ásta hún er 45 ára og er kennari. Hjá henni stendur bróðir minn hann Atli, hann er 14 ára, fótboltastrákur. Ég á tvær systur. Elísa stendur þarna fyrir aftan, hún er hálfsystir mín og er 25 ára. Hún býr ekki hjá okkur. Hin systir mín situr hjá pabba, hún heitir Nína og er 9 ára.
Hvar er ég á myndinni?“

**Magnea**



**B**

„Þetta er fjölskyldan mín, hún er ekki stór. Ég á eina ömmu sem heitir Inga og einn afa sem heitir Albert. Mamma mín heitir Nanna og pabbi minn heitir Andri. Hún vinnur á spítala og hann er tannlæknir. Ég er einkabarn, ég á engin systkini.“

**Magnús**

## Orðaforði – Settu orðin í eyðurnar.

| einhleyp einhleypur | trúlofuð trúlofaður | gift kvæntur | fráskilin fráskilinn |
|---|---|---|---|
|  |  |  |  |

1. Magnús hefur aldrei verið giftur. Hann er ………………………………………………….
2. Ara og Ásu langar bráðum að gifta sig, núna eru þau ………………………………………………….
3. Lena er eiginkona Antons. Þau eru ………………………………………………….
4. Inga og Óli eru ekki lengur gift. Þau eru ………………………………………………….

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Við segjum …

**Fjölskyldan mín er svona …**




**Spjallaðu við félaga þína. Teiknaðu þitt fjölskyldutré og segðu frá.**



© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



**Vinnum saman. Hvað passar? Skrifaðu númerin í reitina.**

| | | |
|---|---|---|
| **1.** Systir mín er gift honum | ◯ | **amma mín** |
| **2.** Hann er sonur mömmu minnar | ◯ | **frændi minn** |
| **3.** Hún er systir mannsins míns | ◯ | **bróðir minn** |
| **4.** Hann er bróðir frænku minnar | ◯ | **mágkona mín** |
| **5.** Hún er systir mömmu minnar | ◯ | **mágur minn** |
| **6.** Hún er dóttir sonar míns | ◯ | **sonardóttir mín = barnabarn mitt** |
| **7.** Hann er pabbi pabba míns | ◯ | **móðursystir mín = frænka mín** |
| **8.** Hann er bróðir pabba míns | ◯ | **pabbi minn** |
| **9.** Hann á systur sem er dóttir mín | ◯ | **föðurbróðir minn = frændi minn** |
| **10.** Dóttir mín er gift honum | ◯ | **tengdaforeldrar mínir** |
| **11.** Hún er dóttir frænda míns | ◯ | **tengdasonur minn** |
| **12.** Þau eiga son sem er maðurinn minn | ◯ | **frænka mín** |
| **13.** Sonur minn er giftur henni | ◯ | **sonur minn** |
| **14.** Hann á son sem er bróðir minn | ◯ | **tengdadóttir mín** |
| **15.** Afi minn er giftur henni | ◯ | **afi minn** |



## Hvenær … ?

„Á mánudaginn ætla ég að læra íslensku.“

**Vikan** Skrifaðu setningar eins og dæmið hér að ofan.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **mánudagur** | ................................ | **í fyrradag** | ................................................. |
| **þriðjudagur** | ................................ | **í gær** | ................................................. |
| **miðvikudagur** | ................................ | **í dag** | ................................................. |
| **fimmtudagur** | ................................ | **á morgun** | ................................................. |
| **föstudagur** | ................................ | **ekki á morgun** | |
| **laugardagur** | ................................ | **heldur hinn** | ................................................. |
| **sunnudagur** | ................................ | | ................................................. |



**Hvernig er næsta vika hjá þér? Ræddu við félaga þína.**

*Í dag ætla ég …?... Á morgun ætla ég …?... Á föstudag ætla ég…?...*

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Hvernig teljum við ?

**0 – núll**

**1 – einn / ein / eitt**

**2 – tveir / tvær / tvö**

**3 – þrír / þrjár / þrjú**

**4 – fjórir / fjórar / fjögur**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **5 – fimm** | **6 – sex** | **7 – sjö** | **8 – átta** |
| **9 – níu** | **10 – tíu** | **11 – ellefu** | **12 – tólf** |

| | | |
|---|---|---|
| **13 – þrettán** | **20 – tuttugu** | |
| **14 – fjórtán** | **30 – þrjátíu** | **100 – eitthundrað** |
| **15 – fimmtán** | **40 – fjörutíu** | **200 – tvöhundruð** |
| **16 – sextán** | **50 – fimmtíu** | **300 – þrjúhundruð** |
| **17 – sautján** | **60 – sextíu** | **1.000 – eittþúsund** |
| **18 – átján** | **70 – sjötíu** | **2.000 – tvöþúsund** |
| **19 – nítján** | **80 – áttatíu** | **1.000.000 – ein milljón** |
| | **90 – níutíu** | **2.000.000 – tvær milljónir** |

21 – tuttugu **og** einn    34 – þrjátíu **og** fjórir    79 – sjötíu **og** níu    85 – áttatíu **og** fimm

Dæmi: Hér er **einn**  , **ein**  og **eitt** 

hundur = karlkyn    kisa = kvenkyn    barn = hvorugkyn

### Hvernig hljóma þessar tölur?

81 ..............................................................    312 ..............................................................

36 ..............................................................    857 ..............................................................

45 ..............................................................    2009 ..............................................................

92 ..............................................................    2024 ..............................................................

19   24   38   46   53   62   78   84   105   223   350   467   640   777   812   981   1014   2015

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Spjallaðu við félaga þína. Segðu frá fjölskyldunum á myndunum.**










© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Ekki bara einu sinni heldur …

**á morgnana** | **í hádeginu** | **síðdegis** | **á kvöldin** | **á nóttunni**







**alltaf – yfirleitt – oft, oftast – stundum – sjaldan – aldrei**

**Æfum okkur – Talaðu við félaga þinn.**
Hvenær ætlar þú ? Hvenær vilt þú ?

***Í dag langar mig …?… og á morgun ætla ég …?…***

→ að læra
→ að fara heim
→ að fara í sund
→ að spila fótbolta
→ að fara í matarboð
→ að hitta vini mína
→ að baka köku
→ að elda matinn
→ að lesa bók
→ að horfa á sjónvarpið
→ að …?…
→ að …?…

## Í gær, í dag eða á morgun ?




**í gær**




**í dag**




**á morgun**

**Æfum okkur – Búðu til setningar, notaðu líka orðin efst á síðunni hér á undan.**

**Hvaða orð passa við hverja mynd?** Búðu til setningar og notaðu rauðu orðin.
Hvað af þessu gerir þú? En félagi þinn? Þú skalt spyrja hann.

| | | | |
|---|---|---|---|
| tala í síma | hitta fólk | hlusta á tónlist | hjóla |
| spila fótbolta | kaupa í matinn | horfa á sjónvarpið | lesa bók |



..........................................................................................



......Ég spila alltaf fótbolta á kvöldin..................................



..........................................................................................



..........................................................................................



..........................................................................................



..........................................................................................



..........................................................................................



..........................................................................................

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Æfum okkur – Skrifaðu tölustafi eins og í dæminu.**

sextíu og tveir →......*62*........
sjötíu og þrír →................
tuttugu og fimm →..............
hundrað níutíu og einn →................
fimm hundruð og fjórtán →...............

þrjú hundruð fjörutíu og átta →................
eitt þúsund sexhundruð og fjórir →................
tólfþúsund þrjátíu og sjö →................
ellefuhundruð og tólf →................
tvö þúsund tuttugu og níu →................

**Rifjum upp spurnarorðin.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **hvernig** | ........................ | **hvað** | ........................ |
| **hvers vegna** | ........................ | **hvenær** | ........................ |
| **hvaðan** | ........................ | **hvert** | ........................ |
| **hvar** | ........................ | **hver** | ........................ |



**Settu rétt orð í eyðurnar, mundu að skoða vel svörin við spurningunum.**

1. ........................................ er Magnús skólastjóri núna? Hann er á skrifstofunni sinni.
2. ........................................ er þessi maður? Þetta er Ágúst frændi minn.
3. ........................................ er þessi kona? Hún er frá Póllandi.
4. ........................................ kostar þetta? Þetta kostar tíu þúsund krónur.
5. ........................................ ertu að fara núna? Ég er að fara heim.
6. ........................................ ertu ekki í skólanum í dag? Af því að það er frí.
7. ........................................ heitir mamma þín? Hún heitir Anna.
8. ........................................ líður þér? Mér líður vel takk.
9. ........................................ er Dómkirkjan? Hún er í miðbænum.
10. ...................................... er maturinn? Hann er góður.
11. ...................................... kemur strætó? Hann kemur klukkan níu.
12. ...................................... áttu heima? Ég á heima í Kópavogi.
13. ...................................... ferðu í sumar? Ég fer í sumarbústað.
14. ...................................... finnst þér gaman að gera? Mér finnst gaman að læra íslensku.
15. ...................................... lærir þú íslensku? Af því að ég bý á Íslandi.
16. ...................................... kemur söngkonan? Hún kemur frá Bandaríkjunum.

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Hvað passar? Merktu við réttan möguleika.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1**. Afi minn er mjög … | a) gömul.<br>b) gamall.<br>c) gamalt. | **6**. Er dagurinn ekki … | a) langt?<br>b) langur?<br>c) löng? |
| **2**. Anna er svo … | a) sætur.<br>b) sæt.<br>c) sætt. | **7**. Stelpan þarna er systir … | a) mín.<br>b) mitt.<br>c) minn. |
| **3**. Er borðið ekki … | a) laust?<br>b) laus?<br>c) lausar? | **8**. Síminn minn er oft … | a) bilaður.<br>b) biluð.<br>c) bilað. |
| **4**. Sumarnóttin er svo … | a) bjartur.<br>b) bjart.<br>c) björt. | **9**. Jóni finnst húsið … | a) falleg.<br>b) fallegt.<br>c) fallegur. |
| **5**. Barnið er … | a) skemmtilegur.<br>b) skemmtileg.<br>c) skemmtilegt. | **10**. Mamma mín er … | a) gott.<br>b) góð.<br>c) góður. |

**Sérðu villurnar ?** **Eru myndirnar alveg eins ?** Finndu 5 atriði sem eru ekki eins.





| **Orðalistinn minn – Ný orð úr þessum kafla** | |
|---|---|
| að læra | |
| aldrei | |
| alltaf | |
| bók | |
| bráðum | |
| einkabarn | |
| ekki lengur | |
| fjölskylda | |
| fjölskyldualbúm | |
| kaka – köku | |
| matarboð | |
| núna | |
| sjónvarp | |



**Tónlist vikunnar. Hlustaðu á lagið og gefðu því stjörnur.**

| **Lag A:** |
|---|
| **1.** Hvað heitir lagið? ............................................................................................................ |
| **2.** Hver syngur lagið? ............................................................................................................ |
| **3.** Hvernig líkar þér lagið? ☆ ☆ ☆ ☆ ☆ |
| **Lag B:** |
| **1.** Hvað heitir lagið? ............................................................................................................ |
| **2.** Hver syngur lagið? ............................................................................................................ |
| **3.** Hvernig líkar þér lagið? ☆ ☆ ☆ ☆ ☆ |

| **Málshættir/orðatiltæki - Þekkir þú orðin?** |
|---|
| *Á morgun segir sá lati →* |
| *Það læra börnin sem fyrir þeim er haft →* |
| *Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni →* |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

Kafli 3 – þriðji kafli

# Maturinn

## Á kaffihúsinu



**Bjartur**: Fyrirgefðu, við erum tilbúin að panta.

**Þjónn**: Já gjörið svo vel, hvað má bjóða ykkur?

**Krista**: Ég ætla að fá eina sódavatn með sítrónu.

**Bjartur**: Fyrir mig ... eina kók, sykurlausa, takk.

**Þjónn**: Og fyrir þig?

**Erna**: Ég fæ hjá þér te, svart takk.

**Þjónn**: En eitthvað að borða?

**Krista**: Já takk, eina eggjaköku hússins.

**Bjartur**: Eruð þið með súkkulaðiköku?

**Þjónn**: Já, alveg nýbakaða.

**Bjartur**: Þá fæ ég eina sneið.

**Þjónn**: Með eða án rjóma?

**Bjartur**: Með rjóma takk.

**Þjónn**: Sjálfsagt. Var það eitthvað fleira?

**Krista**: Ætlar þú ekki að borða neitt Erna?

**Erna**: Nei, ég er ekkert svöng.

**Þjónn**: Þetta eru þá sódavatn, ein kók, te, eggjakaka og súkkulaðikaka.

Þetta verður tilbúið eftir smá stund.

**Þjónn**: Hvernig var maturinn?

**Bjartur**: Mjög fínn.

**Krista**: Getum við fengið reikninginn, takk?

**Þjónn**: Borgið þið allt saman eða sundurliðað?

**Erna**: Saman, takk.

**Þjónn**: Augnablik.

**Þjónn**: Þetta eru þá 4.750 krónur.

**Bjartur**: Ég borga með korti.

**Þjónn**: Gjörðu svo vel. Viltu kvittun?

**Bjartur**: Nei takk.

**Þjónn**: Takk fyrir komuna!

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Á veitingastað – Í eldhúsinu heima.**

Hvað heita þessir hlutir? Skrifaðu orðin undir myndirnar. (sjá næstu síðu)





























© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



**Á veitingastað – Í eldhúsinu heima.**

**A.** Hvað er í eldhúsinu heima hjá þér?
**B.** Þú ert á veitingastað og það vantar ýmislegt á borðið hjá þér, hvað?

| | |
|---|---|
| *Heima hjá mér **er** ...?...* | *sögnin að vera / **er** = **nefnifall*** |
| *Getur þú **rétt** mér ...?...* | *sögnin að rétta = **þolfall*** |
| *Afsakið mig **vantar** ...?...* | *sögnin að vanta = **þolfall*** |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **1.** gaffall | **6.** hnífur | **10.** kanna | **14.** skál | **18.** glas |
| **2.** ketill | **7.** stóll | **11.** karfa | **15.** skeið | **19.** borð |
| **3.** pottur | **8.** diskur | **12.** flaska | **16.** teskeið | **20.** prjónar |
| **4.** bolli | **9.** saltstaukur | **13.** panna | **17.** servíetta | **21.** hnífapör |
| **5.** borðdúkur | | | | |



**Æfum okkur – Hvaða svar passar?** Krossaðu við rétt svar.

| | |
|---|---|
| 1. Sæll Palli, hvernig hefur þú það? | a) Fínt, takk!<br>b) Nei, takk! |
| 2. Halló Anna, áttu einhverja köku í dag? | a) Kakan er mjög góð.<br>b) Nei, kakan er því miður búin. |
| 3. Hvað kosta eplin? | a) Hérna, gjörðu svo vel.<br>b) Fimmhundruð og tuttugu krónur. |
| 4. Góðan daginn, hvað má bjóða þér? | a) Eina kók og pítsusneið takk.<br>b) Frekar ostastangir takk. |
| 5. Afsakið get ég fengið reikninginn? | a) Því miður ekki í dag.<br>b) Alveg sjálfsagt, augnablik. |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Æfum okkur – Nína ætlar að panta sér eitthvað á kaffihúsinu.**
Raðaðu setningunum í rétta röð.

Því miður ekki í dag. En við eigum nýbökuð rúnstykki með áleggi.

Já takk, ég ætla að fá hjá þér einn kaffi latte. Eruð þið með einhverjar kökur?

Þetta eru þá 1800 krónur.

Fínt, ég fæ eitt með smjöri og osti.

Nei takk, hvað kostar þetta?

Var það eitthvað fleira?

~~Góðan dag, get ég aðstoðað?~~

Takk fyrir.



| Starfsmaður | | Viðskiptavinur |
|---|---|---|
| ○ ......*Góðan dag, get ég aðstoðað ?* .......... | → | ◊ ...................................................................... |
| ○ ...................................................................... | → | ◊ ...................................................................... |
| ○ ...................................................................... | → | ◊ ...................................................................... |
| ○ ...................................................................... | → | ◊ ...................................................................... |

**Æfum okkur – Hvernig spurningar passa við þessi svör?** Skrifaðu á línurnar.

| | |
|---|---|
| 1. ..........................................................................? | Eittþúsund og tvöhundruð krónur. |
| 2. ..........................................................................? | Ekkert, ég er ekki svangur. |
| 3. ..........................................................................? | Nei, ég borða aldrei ís. |
| 4. ..........................................................................? | Nei, ostaslaufurnar eru búnar. |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Maturinn okkar**

Hvað heitir þessi matur?

Númeraðu myndirnar. Þú getur séð á næstu blaðsíðu hvað maturinn heitir.



**Tölum saman**

**A.** Þetta **er** ...?... Mér finnst ... góð/góðar – góður/góðir – gott/góð **NF.**

**B.** Ég ætla að **borða** ...?... í kvöld, en þú ? **ÞF.**

**C.** Mig langar að **elda** ...?... á morgun, en þig ? **ÞF.**

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Orðaforði – Þekkir þú fleiri matarorð?

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1.** safi | **14.** kaka | **27.** grænmeti | **40.** smjör |
| **2.** rjómi | **15.** pera | **28.** salat | **41.** blómkál |
| **3.** ostur | **16.** súpa | **29.** rúnstykki | **42.** rauðkál |
| **4.** banani | **17.** olía | **30.** kaffi | **43.** hvítkál |
| **5.** hamborgari | **18.** pylsa | **31.** epli | **44.** avókadó |
| **6.** bjór | **19.** appelsína | **32.** kíví | **45.** ástaraldin |
| **7.** kjúklingur | **20.** kartafla | **33.** egg | **46.** eggaldin |
| **8.** fiskur | **21.** skinka | **34.** vatn | **47.** vín |
| **9.** tómatur | **22.** agúrka | **35.** brauð | **48.** vínber |
| **10.** laukur | **23.** mjólk | **36.** te | **49.** franskar |
| **11.** hvítlaukur | **24.** melóna | **37.** kjöt | **50.** núðlur |
| **12.** ananas | **25.** gulrót | **38.** álegg | **51.** hrísgrjón |
| **13.** sykur | **26.** pítsa | **39.** salt | **52.** ávextir |

## Æfum okkur – Hvar passa þessi orð ? Skrifaðu í eyðurnar.

| ódýr – ódýrt | nýjar – nýtt | sæl – gott – góður | köld - heitt |
|---|---|---|---|

1. **A:** Er fiskurinn _______________ í dag? **B:** Nei, kjötið er mjög _________________ í dag.

2. **A:** _______ frænka, hvað segirðu ________? **B:** Bara fínt, þetta var ___________ dagur.

3. **A:** Er ___________ pítsa í matinn? **B:** Já, en á morgun verður __________ pasta (hk).

4. **A:** Eru þessar kartöflur ___________ ? **B:** Já, við seljum bara ____________ grænmeti.

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Hvað er klukkan ? Hún er …




Það eru 60 **mínútur** í einni klukkustund

**Hvað er klukkan á þessum myndum ?** → **Klukkan er …**

→ **Hún er …**



**A** **B** **C** **D**

**Hvenær byrjar tíminn ?**

**Helgi:** Heyrðu Jói, getur þú sagt mér hvað klukkan er?

**Jói:** Já, hún er tuttugu og tvær mínútur í tíu. Hvers vegna ertu að spyrja að því?

**Helgi:** Af því að íslenskutíminn byrjar klukkan korter í tíu. Þá verð ég að flýta mér núna.

**Jói:** Já endilega gerðu það. Ekki koma of seint í tímann. Kennarinn er frekar strangur.

**Helgi:** En hvenær er svo næsti tími hjá þér?

**Jói:** Hann byrjar ekki fyrr en klukkan fimm mínútur yfir eitt.

**Helgi:** Þú ert heppinn, færð að slappa af þangað til.

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



**Tölum um klukkuna**

Hvað er klukkan á myndunum ?

*Klukkan er…* eða *Hún er …*


1.


2.


3.


4.


5.


6.


7.


8.


9.


10.

**Klukkan hvað eigum við að … ?**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| … fara í sund | … hittast | … fara í skólann | … borða | … fara að sofa |
| … læra heima | … fara í próf | … fara í ræktina | … lesa textann | … fara í bíó |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 9:27 | 7:56 | 10:21 | 2:30 | 3:32 |
| 3:45 | 14:00 | 12:13 | 7:15 | 1:00 |







© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Máltíðirnar – Hvenær og hvað … ?

| | | | |
|---|---|---|---|
| **morgunmatur** | …………………………………… | **hádegismatur** | …………………………………… |
| **kaffitími** | …………………………………… | **kvöldmatur** | …………………………………… |



↑ **Í morgunmat** borða/drekk ég …



↑ **Í hádegismat** borða/drekk ég …



↑ **Í kaffitímanum** borða ég …



↑ **Í kvöldmat** borða ég …

**Tölum saman**

**Spurðu félaga þinn hvað hann/hún borðar í morgunmat, hádegismat og kvöldmat.** Skrifaðu upplýsingarnar hjá þér og kynntu svo fyrir öðrum í hópnum hvað félagi þinn gerir.

**A.** Í morgunmat **borðar** hann/hún …?… **ÞF.**

**B.** Ég **borða** …?… og **drekk** …?… . En þú ? **ÞF.**

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Eigum við að panta pítsu ? – Hver pantar hvað ?**

| Tilboð A | Tilboð B | Tilboð C | Tilboð D | Tilboð E |
|---|---|---|---|---|
|  |  |  |  |  |

**„Íslandspítsa, gott kvöld. Get ég aðstoðað?“** **Tilboð ? ↓**

**Ari:** Já takk, ég ætla að fá eina pítsu með osti, sósu, pepperóní, mozzarella osti, papriku og ólífum.

**Ása:** Já takk, ég ætla að fá eina pítsu með osti, sósu, mozzarella osti, tómötum, kjúklingi og spínati.

**Óli:** Já takk, ég ætla að fá eina pítsu með osti, sósu, kjúklingi, ólífum og papriku.

**Ína:** Já takk, ég ætla að fá eina pítsu með osti, sósu, pepperóní, skinku, lauk og papriku.

**Hugarkort – Rifjaðu upp orðaforða kaflans.** Skrifaðu inn á kortið!




© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Krossgáta – Rifjum upp hvað maturinn heitir ?** Skrifaðu eftir númerunum.



**Lárétt →**

**2.** tvær brauðsneiðar með einhverju á milli
**4.** matur sem að hænan gefur okkur
**6.** grænmeti blandað saman og sett á disk
**8.** brúnn eftirréttur, góður með rjóma og kaffi
**11.** gaffall, skeið og hnífur
**12.** heitur matur sem við borðum með skeið
**13.** hálf-glær drykkur sem við drekkum oftast heitan
**14.** ...er sett ofan á brauð
**15.** matur sem syndir í sjónum
**20.** skyndibiti, brauð með kjöti á milli
**21.** áfengur drykkur, búinn til úr korni
**22.** stundum er hann settur ofan á kökur
**23.** við kaupum oft drykki í svona umbúðum
**24.** áfengur drykkur, rauður á litinn

**Lóðrétt ↓**

**1.** flatbaka, upprunnin á Ítalíu
**3.** fuglakjöt
**5.** við drekkum úr þessu
**7.** vökvi, búinn til úr ólívum
**9.** grænmeti sem vex ofan í jörðinni
**10.** drykkur úr appelsínum
**16.** notað ofan á brauð og til að steikja mat
**17.** ávöxtur, rauður, grænn eða gulur
**18.** kartöflur, skornar og steiktar í olíu
**19.** hvítur drykkur

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



**Samsett orð – Hvernig enda þessi orð ?** Veldu eitt rétt orð á punktalínuna.

| matur | hnífur | glas | safi | sneið | kál |
|---|---|---|---|---|---|

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| appelsínu-<br>epla-<br>ananas-<br>sítrónu-<br>ávaxta- | ............... | brauð-<br>ost-<br>kjöt-<br>pítsu-<br>köku- | ............... | morgun-<br>hádegis-<br>kvöld-<br>hátíðar-<br>afmælis- | ............... |
| blóm-<br>hvít-<br>græn-<br>rauð-<br>súr- | ............... | kjöt-<br>brauð-<br>smjör-<br>veiði-<br>steikar- | ............... | vín-<br>vatns-<br>bjór-<br>mjólkur-<br>gos- | ............... |



**Sérðu villurnar ? Eru myndirnar alveg eins ?** Finndu 5 atriði sem eru ekki eins.



© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Stafasúpa – Getur þú fundið þessi orð í „súpunni“ ?**
Gerðu hring utan um orðin.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **appelsína** | **banani** | **egg** | **epli** |
| **fiskur** | **grænmeti** | **kaffi** | **kaka** |
| **kjöt** | **kjúklingur** | **mjólk** | **ostur** |
| **pera** | **salat** | **smjör** | **vatn** |

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| P | U | M | J | Ó | L | K | K | A | K | A | E | I | Z |
| K | R | Q | T | K | J | Ú | K | L | I | N | G | U | R |
| N | F | D | W | I | D | J | D | Z | S | B | T | Q | K |
| E | M | Z | R | W | B | B | B | A | N | A | N | I | H |
| G | V | L | Y | X | G | R | Æ | N | M | E | T | I | P |
| V | K | D | V | A | T | N | D | A | N | X | C | C | M |
| P | H | D | M | Y | E | N | C | N | H | E | O | W | I |
| S | A | L | A | T | O | A | G | K | J | Ö | T | A | B |
| M | T | H | F | I | S | K | U | R | S | M | J | Ö | R |
| A | P | P | E | L | S | Í | N | A | Z | E | G | G | M |
| M | E | X | O | P | C | C | A | G | T | Y | X | B | E |
| X | K | E | P | L | I | O | S | T | U | R | D | V | P |
| R | H | R | Z | Q | Z | P | E | R | A | G | X | M | S |
| O | Q | U | J | E | K | A | F | F | I | E | T | R | F |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



**Leikum okkur – Spjallaðu við félaga þína.**

Einn leikur þjón og hinir leika gesti á veitingastað.
Hvernig hljómar samtalið? (þú finnur matseðil aftast í bókinni)

| **Þjónn ↓** | **Gestur ↓** |
|---|---|
| 1. Góðan daginn. | 1. Góðan daginn. Eigið þið laust borð fyrir einn (tvo, þrjá, fjóra ...) ? |
| 2. Já, gjörðu/gjörið svo vel, hérna er borð. | 2. Takk. |
| 3. Hvað má bjóða þér/ykkur að drekka? | 3. Ég myndi vilja ...?... |
| 4. Ert þú/eruð þið búin að ákveða hvað þú vilt/þið viljið panta ? | 4. Já, mig langar í ...<br>**eða**<br>Já, ég ætla að fá hjá þér ...?... |
| **nokkru seinna** | |
| 5. Má bjóða þér/ykkur að sjá eftirrétta-seðilinn?<br><br>Eða færa þér/ykkur te eða kaffi ? | 5. Já takk.<br>**eða**<br>Einn kaffibolla, takk. |
| **seinna** | |
| 6. Hvernig bragðaðist maturinn? | 6. Hann var mjög góður. |
| 7. Já sjálfsagt, ég kem rétt strax. | 7. Fyrirgefðu! Get ég fengið reikninginn takk? |
| **eftir smá stund** | |
| 8. Það eru þá ...?... krónur. | 8. Takk fyrir. |
| 9. Kærar þakkir, njóttu/njótið dagsins/ kvöldsins! | 9. Takk sömuleiðis, bless! |






© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

| Orðalistinn minn – Ný orð úr þessum kafla | |
|---|---|
| að borða | |
| að borga | |
| að drekka | |
| að panta | |
| aðalréttur | |
| eftirréttur | |
| drykkur | |
| eggjakaka | |
| forréttur | |
| heitur | |
| kaldur | |
| kort | |
| matur | |
| reikningur | |
| sundurliðað | |
| tilbúin /-n | |

**Tónlist vikunnar. Hlustaðu á lagið og gefðu því stjörnur.**

**Lag A:**

**1.** Hvað heitir lagið? ........................................................................................................

**2.** Hver syngur lagið? ........................................................................................................

**3.** Hvernig líkar þér lagið? ☆ ☆ ☆ ☆ ☆

**Lag B:**

**1.** Hvað heitir lagið? ........................................................................................................

**2.** Hver syngur lagið? ........................................................................................................

**3.** Hvernig líkar þér lagið? ☆ ☆ ☆ ☆ ☆

| Málshættir/orðatiltæki - Þekkir þú orðin? |
|---|
| *Betra er lítill fiskur en tómur diskur* → |
| *Sælla er að gefa en þiggja* → |
| *Margur verður af aurum api* → |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

Kafli 4 – fjórði kafli

## Skólinn og vinnan



### Eigum við að hittast á eftir ?



**Þorbjörn:** Hæ Viktor! Ertu til í að koma í körfubolta á eftir?

**Viktor:** Já, ég er til í það. Klukkan hvað? Ég þarf að vera kominn á dansæfingu klukkan 6 svo ég get ekki farið seint.

**Þorbjörn:** Mig langar að fara klukkan 3, bara strax eftir skóla. Svo fer ég að horfa á Klöru systur keppa í sundi klukkan 5.

**Viktor:** Er hún keppa? Hvað er hún orðin gömul?

**Þorbjörn:** Hún er orðin 13 ára, hún er í 8. bekk og hún er ennþá að læraa á fiðlu líka.

**Viktor:** Frábært! Ég fer í líffræðipróf klukkan eitt í dag og er búinn um 2 leytið. Ég get hitt þig á körfuboltavellinum klukkan þrjú. Við gætum spilað í klukkutíma og farið svo í heita pottinn áður en Klara byrjar að keppa.
Ertu til í það?

**Þorbjörn:** Já, mér líst vel á það. Sjáumst þá á eftir. Gangi þér vel í prófinu!

**Merktu X við rétt eða rangt.**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Þorbjörn vill fara í körfubolta í dag. | ☐ | **rétt** | ☐ | **rangt** |
| 2. Þorbjörn er frændi Klöru. | ☐ | **rétt** | ☐ | **rangt** |
| 3. Viktor er að keppa í dansi klukkan 6. | ☐ | **rétt** | ☐ | **rangt** |
| 4. Viktor er ætlar í heita pottinn. | ☐ | **rétt** | ☐ | **rangt** |
| 5. Klara er 13 ára nemandi í framhaldsskóla. | ☐ | **rétt** | ☐ | **rangt** |
| 6. Klara lærir á hljóðfæri og syndir. | ☐ | **rétt** | ☐ | **rangt** |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Áhugamálin okkar**

Er þetta eitthvað sem að þér finnst skemmtilegt ?

Númeraðu myndirnar. Skoðaðu orðalistann á næstu blaðsíðu.



**Tölum saman**

**A.** Þetta **er** ...?... Mér finnst ...?... **spennandi, skemmtilegt, leiðinlegt** ... **NF.**

**B.** Ég **æfi** / **stunda** ...?... En þú ? **ÞF.**

**C.** Mig langar að **fara í** / **á** ...?... Hvað langar þig að gera ? **ÞF.**

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Orðaforði – Þekkir þú fleiri orð yfir tómstundir / áhugamál ?

| | | |
|---|---|---|
| **1.** fótbolti ............................ | **9.** tónlist ........................... | **17.** kvikmyndir ........................ |
| **2.** handbolti ......................... | **10.** skautar ........................ | **18.** handavinna ........................ |
| **3.** körfubolti ......................... | **11.** ræktin ......................... | **19.** ljósmyndun ........................ |
| **4.** tennis .............................. | **12.** dans ............................ | **20.** tölvuleikir .......................... |
| **5.** badminton ....................... | **13.** hlaup .......................... | **21.** sund ................................... |
| **6.** hjólreiðar ......................... | **14.** jóga ............................. | **22.** skíði .................................. |
| **7.** göngur ............................. | **15.** málun ......................... | **23.** bretti ................................. |
| **8.** lestur ............................... | **16.** teiknun ........................ | **24.** bardagaíþróttir ................. |

## Er það í eða á ?

| A. | B. | C. | D. | E. |
|---|---|---|---|---|
|  |  |  |  |  |

**Settu í eða á í eyðurnar.** **Myndir - settu A B C D fyrir framan setningarnar.**

...... Ég hugsa vel um líkamann og vil **fara** .......... **sund** daglega.

...... Ég elska ræktina, ég vil **fara** .......... **æfingu** 5 sinnum í viku.

...... Alltaf þegar ég **sit** .......... **strætó** vil ég **hlusta** .......... góða **tónlist**.

...... Mig langar að **horfa** ......... **mynd** í kvöld. **Komdu** með mér ......... **bíó!**

...... Ég set alltaf mikið **salt** ......... **poppið** mitt og drekk gos með.

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



## Skólastofan – Hvernig er skólastofan?



Þessi stofa er í grunnskóla á Akureyri. Hún er stór og björt. Veggirnir eru hvítir og gulir. Taflan er græn og hvít. Gluggarnir eru stórir. Öll borðin eru ljósbrún og dökkblá alveg eins og stólarnir. Gólfið er drapplitað. Það eru bækur og pennaveski á öllum borðum. En hvar eru nemendurnir?

**Spjallaðu við félaga þína. Hvernig eru þessar skólastofur?**














© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



## Hvað er gott að nota í skólanum ?

   

................................ ................................ ................................ ................................



  

................................ ................................ ................................ ................................

   

................................ ................................ ................................ ................................

   

................................ ................................ ................................ ................................



**Hvað ert þú með í skólatöskunni þinni?** **Ræddu við félaga þína.**

*Ég er með ...?...* *Ég er ekki með ...?...* *Mig langar að kaupa ...?...* **ÞF**

**Mundu litina!** blátt = karlkyn rautt = kvenkyn grænt = hvorugkyn svart = fleirtöluorð

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1.** blýantur | **5.** penni | **9.** strokleður | **13.** bók |
| **2.** yfirstrikunarpenni | **6.** heftari | **10.** pennaveski | **14.** fartölva |
| **3.** USB-lykill | **7.** yddari | **11.** mappa | **15.** stílabók |
| **4.** gatari | **8.** brúsi | **12.** skólataska | **16.** skæri |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



VOR



SUMAR



HAUST



VETUR

## Árstíðirnar

**Gunnar:** Sunna! Hver er uppáhalds árstíðin þín?

**Sunna:** Það er **haustið** því ég á afmæli í september og þá eru líka svo flottir litir á trjánum. En hvað finnst ykkur?

**Gunnar:** Ég elska **vorið** þegar fer að hlýna. Þá klárast líka skólinn og ég get verið meira með vinum mínum.

**Tinna:** Mér finnst **veturinn** skemmtilegur, því ég elska snjó! En þú Finnur, hvað finnst þér?

**Finnur:** Ég er ósammála ykkur því mér finnst **sumrin** frábær! Á sumrin er alltaf besta veðrið, maður getur verið meira úti og svo er líka bjart á **sumrin** á Íslandi. Ég fer mjög oft í útilegur á **sumrin** með fjölskyldunni og líka með vinum mínum. **Sumarið** er minn tími!

**Tinna:** Já ég er sammála, það er líka gaman á **sumrin** en ég elska að fara á skíði. Ef það er ekki snjór í Reykjavík eða Bláfjöllum þá fer ég yfirleitt til Akureyrar. Þar er eiginlega alltaf snjór.

**Sunna:** Já en mér finnst líka gaman á **haustin** af því að þá er ekki of heitt og ekki heldur of kalt.

**Gunnar:** Sunna! Við búum á Íslandi það er aldrei of heitt ha ha ha.

**Merktu X við rétt eða rangt**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **1.** Gunnari finnst gaman á haustin. | | **rétt** | | **rangt** |
| **2.** Tinna fer oft á skíði í Bláfjöllum. | | **rétt** | | **rangt** |
| **3.** Finnur fer bara í útilegur með fjölskyldunni. | | **rétt** | | **rangt** |
| **4.** Sunna á afmæli um vetur. | | **rétt** | | **rangt** |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



**Í íslensku eru til mjög mörg orð yfir veður – Hvaða orð þekkir þú ?**



Það er sól ..............................................................

Sólin skín ..............................................................



Það er hlýtt ..............................................................

Það er heitt ..............................................................



Það rignir ..............................................................

Það er rigning ..............................................................



Það snjóar ..............................................................

Það er snjór ..............................................................



Það er vont veður ..............................................................

Það er óveður ..............................................................



Það er kalt ..............................................................

Það er frost ..............................................................



Það er vindur ..............................................................

Það er rok ..............................................................



Það er él ..............................................................

Það er haglél ..............................................................

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

### Tölum saman

**A.** Hvernig **var** veðrið **í gær** ? *Í gær var …?…*

**B.** Hvernig **er** veðrið **í dag** ? *Í dag er …?…*

**C.** Hvernig **á** veðrið **að vera á morgun** / **um helgina** ? *Á morgun á að vera …*

**D.** Hvernig **er besta** veðrið að þínu mati ? *Mér finnst …?… Þá er gaman að …*

### Talað um árstíðir og veður – Getur þú parað rétt saman ?

Skrifaðu tölustafi í hringina eða dragðu línu á milli. Sjá texta á blaðsíðu 40.

| | | |
|---|---|---|
| **1.** Gunnari finnst gaman að vera … | ◯ | útilegur á sumrin. |
| **2.** Finnur elskar fara með tjald og svefnpoka í … | ◯ | að eiga afmæli í september. |
| **3.** Sunna elskar haustlitina og … | ◯ | að fara á skíði til Akureyrar. |
| **4.** Tinna elskar snjó og henni finnst gaman … | ◯ | með vinum sínum í maí. |
| **5.** Það er bjart úti á nóttunni … | ◯ | á sumrin á Íslandi. |

### Mörg orð yfir það sama ?

**Skrifaðu þessi þrjú orð hérna við réttan hóp.**

| ríging | | vindur | | snjór | |
|---|---|---|---|---|---|
| **haglél** | | **úði** | | **gola** | |
| mjöll | | helli- | | gjóla | |
| snær | | ausandi- | | andvari | |
| fönn | | **demba** | | hvassviðri | |
| **slydda** | | súld | | **rok** | |
| skafrenningur | | vatnsveður | | næðingur | |
| hundslappadrífa | | steypiregn | | **stormur** | |
| skæðadrífa | ............. | skúraleiðingar | ............. | gustur | ............. |
| Logndrífa | | væta | | blær | |
| hjarn | | úrhelli | | þeyr | |
| kafald | | skrumba | | innlögn | |
| mugga | | deyfla | | rokkviða | |
| **slabb** | | **skúr** | | dúnalogn | |
| nýsnævi | | suddi | | blankalogn | |
| hríð | | slagviðri | | stilla | |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Andheiti – Orð sem hafa gagnstæða merkingu.

**Paraðu saman andheitin.** Skrifaðu bláu orðin á línurnar.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **léttur** | **gleði** | **inni** | **góður** | **hlæja** | **hávaxinn** | **sofna** | **vetur** |
| **kalt** | **svara** | **dapur** | **birta** | **nótt** | **enda** | **loka** | **saddur** |

**1.** heitt ..........................................
**2.** glaður ..........................................
**3.** þungur ..........................................
**4.** spyrja ..........................................
**5.** svangur ..........................................
**6.** sumar ..........................................
**7.** byrja ..........................................
**8.** gráta ..........................................
**9.** vondur ..........................................
**10.** úti ..........................................
**11.** sorg ..........................................
**12.** lágvaxinn ..........................................
**13.** dagur ..........................................
**14.** vakna ..........................................
**15.** opna ..........................................
**16.** myrkur ..........................................

**Hvaða bláu orð passa hérna inn í textana?**

**A.** **byrja - dagur - vakna - svangur - saddur - borða**

**Mamma:** Það er kominn ............................... elskan. Allir þurfa að ............................... núna. Klukkan er átta og skólinn fer að .................................. .
**Sonur**: Já mamma, ég er svo .................................. . Ég þarf að fá mat.
**Mamma:** Já við skulum .......................... núna, það er betra að fara ....................... í skólann.

**B.** **úti - myrkur - kalt - heitt - vetur - sumar**

**Erla**: Ég elska þegar það er .................................., það er uppáhalds árstíðin mín. Þá er oft .................................... og ég get verið á stuttermabol úti. Hvaða árstíð elskar þú?
**Ari**: Ég vil frekar vera úti þegar það er .................................... helst í frosti. Þess vegna elska ég ....................................... . Mér finnst gaman að vera ............................... á bretti í miklum snjó í Bláfjöllum. Ég fíla líka .................................... af því að mér finnst gaman að kveikja á kertum inni hjá mér.

**C.** **gráta - dapur - hávaxinn - dáinn - lágvaxin**

**Bjössi**: Þessi maður þarna er mjög .................................... hann er örugglega tveir metrar á hæð. En konan hans er hins vegar frekar .................................., ekki nema 150 sentimetrar.
**Palli**: En af hverju er maðurinn svona .................................... ? Ég sé tárin renna niður kinnarnar á honum, hann er að .................................... .
**Bjössi**: Já hann er leiður af því að hundurinn hans er ...................................... .

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



## Hvernig er veðrið ?

Frábært veður í dag ! 

Þetta er nú meira veðrið ! 

Hvernig er veðrið á þessum myndum? Skrifaðu stuttan texta við myndirnar.











© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir





## Eftir skóla

Arna og Jóhann eru í sama skóla og hittast í strætó.

**Jóhann**: Hæ Arna! Ertu að fara heim?

**Arna**: Hæ, nei ég er að fara í gítartíma. En þú?

**Jóhann**: Ég er að fara í ökuskólann, ég er að læra á bíl.

**Arna**: En frábært, ég fer í fyrsta ökutímann minn í mars.

**Jóhann**: Ertu orðin góð á gítarinn?

**Arna**: Já, sæmileg ég lærði á píanó í fimm ár. Það hjálpar mikið.

**Jóhann**: Heyrðu ertu komin með sumarvinnu? Ég fer aftur að vinna í bakaríinu.

**Arna**: Vonandi fæ ég vinnu í mötuneytinu á spítalanum. Það er svo leiðinlegt að vera atvinnulaus.

**Jóhann**: Já ég er viss um að þú fáir vinnuna. Ég býð þér svo á rúntinn þegar ég fæ bílprófið!

**Merktu X við rétt eða rangt**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **1.** Arna og Jóhann eru í skólanum núna. | ☐ | **Rétt** | ☐ | **rangt** |
| **2.** Arna er að læra á bíl. | ☐ | **Rétt** | ☐ | **rangt** |
| **3.** Jóhann ætlar að vinna í bakarii í sumar. | ☐ | **Rétt** | ☐ | **rangt** |
| **4.** Jóhann ætlar að bjóða Örnu í bíltúr. | ☐ | **Rétt** | ☐ | **rangt** |

**Veistu hvað þessi hljóðfæri heita?**


...........................


...........................


...........................


...........................


...........................

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



**Störfin okkar – Hvað langar þig að verða?**

Við hvað vinnur fólkið? Skrifaðu orðin undir myndirnar. (sjá næstu blaðsíðu)






........................................ ........................................ ........................................





........................................ ........................................ ........................................





........................................ ........................................ ........................................





........................................ ........................................ ........................................





........................................ ........................................ ........................................





........................................ ........................................ ........................................





........................................ ........................................ ........................................

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



## Þekkir þú þessi starfsheiti ?

| | | |
|---|---|---|
| sjómaður | sjúkraþjálfari | lögreglumaður lögreglukona lögga |
| þjónn | klæðskeri | tónlistarmaður tónlistarkona |
| söngvari | rakari | hárgreiðslumaður hárgreiðslukona |
| bóndi | málari | leigubílstjóri |
| dýralæknir | smiður | kokkur / matreiðslumaður |
| rafvirki | bifvélavirki | slökkviliðsmaður slökkviliðskona |
| kennari | leikari | tannlæknir |
| söngvari | læknir | póstmaður póstkona |



**Störfin okkar – Hvað passar saman?**

Hver gerir hvað í vinnunni? Tölum saman! *Hvað gerir ...?...*

| | | |
|---|---|---|
| **1.** Sjómaðurinn | ◯ | Hann eldar mat. |
| **2.** Kennarinn | ◯ | Hann klippir og greiðir hár. |
| **3.** Bifvélavirkinn | ◯ | Hann tekur pöntun og afgreiðir mat. |
| **4.** Málarinn | ◯ | Hann hannar og saumar föt. |
| **5.** Þjónninn | ◯ | Hann málar veggi og hús. |
| **6.** Klæðskerinn | ◯ | Hann gerir við tennur. |
| **7.** Bóndinn | ◯ | Hann dreifir pósti í hús. |
| **8.** Hárskerinn | ◯ | Hann smíðar hús og húsgögn. |
| **9.** Kokkurinn | ◯ | Hann læknar dýr. |
| **10.** Söngvarinn | ◯ | Hann slekkur eld. |
| **11.** Smiðurinn | ◯ | Hann gerir við bíla. |
| **12.** Leigubílstjórinn | ◯ | Hann kennir nemendum. |
| **13.** Dýralæknirinn | ◯ | Hann veiðir fisk. |
| **14.** Slökkviliðsmaðurinn | ◯ | Hann keyrir farþega. |
| **15.** Tannlæknirinn | ◯ | Hann hugsar um dýr og ræktar jörðina. |
| **16.** Póstmaðurinn | ◯ | Hann syngur lög. |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Hugarkort – Rifjaðu upp orðaforða kaflans.** Skrifaðu inn á kortið!




**Hvað þarf ég að læra ef mig langar … ?** Skrifaðu númer inn í hringina.

| | | |
|---|---|---|
| **1.** að kenna börnum | ◯ | Dýralækningar |
| **2.** að flytja mál í dómsal | ◯ | Sjúkraliðanám |
| **3.** að mála falleg listaverk | ◯ | Byggingarlist |
| **4.** að smíða hluti | ◯ | Lögfræði |
| **5.** að baka brauð og kökur | ◯ | Læknisfræði |
| **6.** að aðstoða á sjúkrahúsi | ◯ | Hárgreiðsla |
| **7.** að klippa hár | ◯ | Bakaraiðn |
| **8.** að lækna hunda og kisur | ◯ | Smíði |
| **9.** að lækna sjúkdóma | ◯ | Listnám |
| **10.** að tengja rafmagn í húsum | ◯ | Kennaranám |
| **11.** að vinna með tölur í banka | ◯ | Viðskiptafræði |
| **12.** að snyrta og farða fólk | ◯ | Snyrtifræði |
| **13.** að leggja pípulagnir í hús | ◯ | Rafvirkjun |
| **14.** að teikna hús fyrir fólk | ◯ | Pípulagningar |
| **15.** að blanda lyf í apóteki | ◯ | Lyfjafræði |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Samheiti – Hvaða orð hafa sömu merkingu … ?** Skrifaðu bláu orðin á rétta línu.

**stúlka ófríð lítil höfuð hestur kát sæt kisa**
**máni strákur að líta feit að stara gaman að sigra**

1. falleg ……………………………………………………………
2. drengur ……………………………………………………………
3. glöð ……………………………………………………………
4. ljót ……………………………………………………………
5. köttur ……………………………………………………………
6. haus ……………………………………………………………
7. tungl ……………………………………………………………
8. hross ……………………………………………………………
9. smá ……………………………………………………………
10. stelpa ……………………………………………………………
11. að glápa ……………………………………………………………
12. að vinna ……………………………………………………………
13. að horfa ……………………………………………………………
14. þybbin ……………………………………………………………
15. skemmtilegt ……………………………………………………………

**Hvaða orð passa í setningarnar?** Settu bláu orðin á réttan stað, skoðaðu táknin.

**bróður* kött* hausΔ hesturinnΔ glaður* sætur**
**strákur* vinna◊ feitur* glápa* gaman◊**
**máni○ maður horfa◊ tungl○ stelpa◊** (x 2 orð aukalega)

***1.** Ágúst er ……………………… ……………………… sem er alltaf í góðu skapi. Hann á heima í Hafnarfirði. Hann á einn ……………………… sem er alltaf að ……………………… á sjónvarpið. Ágúst á líka ……………………… sem heitir Mjási, honum finnst mjög gott að borða og er pínu ……………………… .

**◊2.** Sigrún er 16 ára ……………………… sem elskar fótbolta. Þegar hún er að keppa koma foreldrar hennar alltaf að ……………………… á hana spila. Henni finnst ……………………… að ……………………… en hún hatar að tapa.

**○3. A:** Hvernig segir maður enska orðið “moon” á íslensku?

**B:** Maður segir ……………………… en það er líka hægt að segja ……………………… .

**A:** Eru þá bæði orðin jafn rétt? **B:** Já, það er pínu skrítið.

**Δ4.** ……………………… hennar Kristjönu er tvílitur, svartur og með brúnan ……………………… . Hún elskar að fara á hestbak á hverjum degi.

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

| Orðalistinn minn – Ný orð úr þessum kafla | |
|---|---|
| að dansa | |
| að slappa af | |
| að spila | |
| að syngja | |
| afmæli | |
| atvinnulaus | |
| árstíð | |
| frábær | |
| frítími | |
| hljóðfæri | |
| leiðinlegur | |
| ósammála | |
| skemmtilegur | |
| skólastofa | |
| starf | |
| uppáhalds | |
| útilega | |
| veður | |



**Tónlist vikunnar. Hlustaðu á lagið og gefðu því stjörnur.**

**Lag A:**

**1.** Hvað heitir lagið? ..........................................................................................................

**2.** Hver syngur lagið? ..........................................................................................................

**3.** Hvernig líkar þér lagið? ☆ ☆ ☆ ☆ ☆

**Lag B:**

**1.** Hvað heitir lagið? ..........................................................................................................

**2.** Hver syngur lagið? ..........................................................................................................

**3.** Hvernig líkar þér lagið? ☆ ☆ ☆ ☆ ☆

| Málshættir/orðatiltæki - Þekkir þú orðin? |
|---|
| *Hvað ungur nemur gamall temur →* |
| *Blindur er bóklaus maður →* |
| *Hamra skal járn meðan heitt er →* |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

Kafli 5 – fimmti kafli

## Líkaminn og heilsan



### Berglind fer til læknis

**a) Berglind er lasin. Henni líður ekki vel. Hún er með hálsbólgu og hita.**

◊ Er ekki allt í lagi Berglind?
■ Nei, mér líður ekki vel.
◊ Það sést, ertu veik, kannski með flensu?
■ Ég fer allavega ekki í skólann.
◊ Þú þarft örugglega að fara til læknis.
■ Já, ég ætla að gera það.

**b) Hringt á læknastöðina.**

■ Læknamiðstöðin, góðan dag!
◊ Góðan daginn. Ég heiti Berglind, ég hef verið með höfuðverk og hita í þrjá daga. Get ég fengið tíma hjá lækni?
■ Það er því miður ekki hægt að panta tíma hjá lækni núna en þú getur komið á læknavaktina seinni partinn í dag. Þá hittir þú lækni.
◊ Klukkan hvað má ég koma?
■ Vaktin er opin frá klukkan fimm til miðnættis. Þú mátt koma hvenær sem er á þeim tíma.
◊ Já takk fyrir, ég geri það.
■ Það var ekkert, bless.
◊ Bless.

**c) Hjá lækninum**

■ Næsti gjörðu svo vel!
Sæl ég heiti Róbert og er læknir hérna á vaktinni.
◊ Sæll, ég heiti Berglind.
■ Hvað er að angra þig Berglind?
◊ Mér er svo illt í höfðinu og ég hef verið með hita í þrjá daga.
■ Við skulum sjá, hefur þú verið kvefuð?
◊ Já, í þrjár vikur. Er ég með sýkingu?
■ Ég ætla að hlusta þig.
Já, þú ert með sýkingu, ég ætla að skrifa lyfseðil fyrir þig. Þú sækir lyfið svo bara strax í næsta apótek.
◊ Takk kærlega fyrir.
■ Það var ekkert, gangi þér vel. Blessuð.
◊ Bless.

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Þekkir þú þessi orð yfir líkamann ?

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| haus | ......................... | mag**i** | ......................... | fótlegg**ur**/ir | ......................... |
| háls | ......................... | fingur | ......................... | handlegg**ur**/ir | ......................... |
| rass | ......................... | munn**ur** | ......................... | fó**tur**/fætur | ......................... |
| tung**a** | ......................... | öxl/axlir | ......................... | hönd/hendur | ......................... |
| tá/tær | ......................... | augabrún/ir | ......................... | tönn/tennur | ......................... |
| hár | ......................... | auga/u | ......................... | hné | ......................... |
| höfuð | ......................... | eyra/u | ......................... | nef | ......................... |
| brjóst | ......................... | læri | ......................... | bak | ......................... |

**Skrifaðu líkamsheitin inn á myndina.**



© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Tilfinningar – Hvernig líður okkur ?**

Tölum saman um tilfinningar, hvernig líður þessu fólki? *Hann / hún er ...?...*



Hver er... hlæjandi ? grátandi ? sofandi ? öskrandi ? brosandi ?

## En þetta fólk hérna, hvernig líður því?





1. Hver er glöð / glaður ?
2. Hver er reið / reiður ?
3. Hver er hissa ?
4. Hver er svekkt / svekktur ?
5. Hver er syfjuð / syfjaður ?
6. Hver er þreytt / þreyttur ?
7. Hver er búin á því / búinn á því ?
8. Hver er stressuð / stressaður ?
9. Hver er sorgmædd / sorgmæddur ?
10. Hver er feimin / feiminn ?

***En hvernig líður þér ?***

***Í dag er ég ...***

***En stundum er ég ...***

***Oftast er ég ...***

***Ég er aldrei ...***

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Hvernig líður þér, honum, henni ?

**Mér líður ...**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **a.** | frábærlega | ............................... | **e.** | ekki vel | ............................... |
| **b.** | mjög vel | ............................... | **f.** | illa | ............................... |
| **c.** | vel | ............................... | **g.** | mjög illa | ............................... |
| **d.** | sæmilega | ............................... | **h.** | hræðilega | ............................... |

**Skoðaðu myndirnar. Merktu við rétt svar.**

**1. Honum er illt í ... ?**

a) bakinu c) eyranu

b) maganum d) rassinum

**2. Henni er illt í ... ?**

a) höfðinu c) hálsinum

b) fætinum d) höndunum





## Teiknaðu andlitin og skáldaðu svo svörin.



A B C D

| | | |
|---|---|---|
| **A** | er mjög glaður... | → af því að ...?... |
| **B** | er grátandi... | → af því að ...?... |
| **C** | er þreyttur... | → af því að ...?... |
| **D** | er reiður... | → af því að ...?... |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Hvar er þeim illt ?








| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| augunum | fótunum | hálsinum | bakinu | höfðinu | maganum |

**Skoðaðu vel orðin hér að ofan. Hlustaðu og settu svo inn réttan líkamshluta í eyðurnar.**

**1.** Arnar er 56 ára gamall skrifstofumaður frá Seyðisfirði. Hann á erfitt með að sitja lengi því honum er oft illt í ____________________.

**2.** Bára er 34 ára afgreiðslukona frá Akureyri. Hún vinnur í fataverslun og er oft þreytt á að standa allan daginn. Henni er stundum illt í ____________________.

**3.** Markús er 17 ára nemandi í menntaskóla í Borgarnesi. Hann er með mjólkuróþol og þegar hann drekkur mjólk þá verður honum mjög illt í ____________________.

**4.** Thelma er 25 ára barþjónn frá Selfossi. Hún vinnur á mjög vinsælum bar. Þar er oftast mjög hávær tónlist. Stundum þegar hún kemur heim er henni illt í ____________________ og vill bara hafa alveg hljótt.

**5.** Siggi er 64 ára leiðsögumaður frá Reykjavík. Hann þarf að tala við ferðamenn allan daginn á ýmsum tungumálum. Þegar hann kemur heim á kvöldin er honum stundum illt í _______________.

**6.** Júlía er tölvunarfræðingur frá Vestmannaeyjum. Hún vinnur mjög mikið við tölvu. Hún er oft þreytt í ____________________ því hún þarf að horfa svo mikið á tölvuskjáinn.

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Fatalistinn – Þekkir þú orð yfir föt ?

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolur | ........................................ | Húfa | ........................................ |
| Stuttermabolur | ........................................ | Kápa | ........................................ |
| Hlírabolur | ........................................ | Peysa | ........................................ |
| Hattur | ........................................ | Úlpa | ........................................ |
| Frakki | ........................................ | Regnkápa | ........................................ |
| Jakki | ........................................ | Pils | ........................................ |
| Brjóstahaldari | ........................................ | Vesti | ........................................ |
| Kjóll | ........................................ | Buxur | ........................................ |
| Trefill | ........................................ | Strigaskór | ........................................ |
| Íþróttaföt | ........................................ | Inniskór | ........................................ |
| Jakkaföt | ........................................ | Kuldaskór | ........................................ |
| Nærbuxur | ........................................ | Stígvél | ........................................ |
| Nærföt | ........................................ | Sokkar | ........................................ |
| Skór | ........................................ | Vettlingar | ........................................ |

**Alls konar munstur:**

röndóttur / röndótt



köflóttur / köflótt



doppóttur / doppótt



einlitur / einlit / einlitt



### Hvernig eru fötin þín ?

| | |
|---|---|
| Hvenær klæðist þú / maður ...?... | **ÞGF.** |
| → Ég fer í ...?... þegar ...?... | **ÞF.** |
| Hvernig eru fötin þín í dag ...?... | **NF.** |
| En hvernig eru föt kennarans ...?... | **NF.** |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Í fataverslun



■ Góðan dag get ég aðstoðað þig?

◊ Góðan daginn! Já ég er að leita að gallabuxum. Áttu númer 32?

■ Því miður ég á ekki gallabuxur númer 32 en ég á þessar svörtu buxur í númer 32. Viltu máta þær?

◊ Já takk ég ætla að máta þær en áttu nokkuð bláa skyrtu í medium?

■ Já ég á bláar skyrtur í öllum stærðum. Viltu máta þessa?

◊ Já takk.

Buxurnar passa ekki en ég ætla að fá skyrtuna. Hvað kostar hún?

■ Skyrtan er á 6.800 kr. Það er mjög gott verð. Ætlarðu að borga með korti eða peningum?

◊ Ég er með kort og ég þarf ekki poka ég er með tösku. Takk fyrir.

■ Takk sömuleiðis, njóttu dagsins.

## **Að kaupa sér föt –** Skrifaðu þitt eigið samtal í fataverslun.

Afgreiðslu-kona/-maður: ..........................................................................................

Ég: ..........................................................................................................................

Afgreiðslu-kona/-maður: ..........................................................................................

Ég: ..........................................................................................................................

Afgreiðslu-kona/-maður: ..........................................................................................

Ég: ..........................................................................................................................

Afgreiðslu-kona/-maður: ..........................................................................................

Ég: ..........................................................................................................................

Afgreiðslu-kona/-maður: ..........................................................................................

Ég: ..........................................................................................................................

Afgreiðslu-kona/-maður: ..........................................................................................

Ég: ..........................................................................................................................

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Hvernig líta krakkarnir út ?

**Hér eru krakkar í mismunandi fötum.** Settu rétt númer við lýsingarnar.



1 2 3 4 5 6

**Elísabet** er í rauðri og svartri skyrtu og gráum buxum. Hún er í hvítum strigaskóm. ___

**Lóa** er með fléttur, hún er í rauðum bol, ljósgráum skóm og í dökkum buxum. ___

**Breki** er dökkhærður. Hann er í hvítum bol, bláum buxum og marglitri köflóttri skyrtu. ___

**Kári** er í hvítum bol og ljósbrúnum buxum. Hann á svarta skó og hann er skolhærður. ___

**Alex** er í bláum stuttermabol og rauðum buxum. Skórnir hans eru með bláar reimar. ___

**Hildur** er í gulri peysu með hvítum kraga og í gallabuxum, hún er með ljóst sítt hár. ___

**Sérðu villurnar ? Eru myndirnar alveg eins ?** Finndu 6 atriði sem eru ekki eins.



© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

| Orðalistinn minn – Ný orð úr þessum kafla | |
|---|---|
| að gráta | |
| að máta | |
| að vera illt í … | |
| fataverslun | |
| föt | |
| flensa | |
| glaður | |
| höfuðverkur | |
| lasinn | |
| líkami | |
| lyfseðill | |
| með hita | |
| miðnætti | |
| reiður | |
| sýking | |
| vakt | |
| veikur | |
| þreyttur | |



**Tónlist vikunnar. Hlustaðu á lagið og gefðu því stjörnur.**

**Lag A:**

**1.** Hvað heitir lagið? ……………………………………………………………………………………………………

**2.** Hver syngur lagið? ……………………………………………………………………………………………………

**3.** Hvernig líkar þér lagið? ☆ ☆ ☆ ☆ ☆

**Lag B:**

**1.** Hvað heitir lagið? ……………………………………………………………………………………………………

**2.** Hver syngur lagið? ……………………………………………………………………………………………………

**3.** Hvernig líkar þér lagið? ☆ ☆ ☆ ☆ ☆

| Málshættir/orðatiltæki - Þekkir þú orðin? |
|---|
| *Ekki er allt gull sem glóir* → |
| *Að sníða sér stakk eftir vexti* → |
| *Oft fer logn á undan stormi* → |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

Kafli 6 – sjötti kafli

# Heimilið

## Ertu að flytja ?

**Ásta:** Blessaður Óskar, hvað segir þú gott?

**Óskar:** Hæ, ég segi bara fínt, ég er að fara að flytja.

**Ásta:** Nú er það, hvar býrðu núna?

**Óskar:** Ég var að flytja úr Reykjavík í Hafnarfjörð.

**Ásta:** En gaman, hvernig hús er þetta?

**Óskar:** Þetta er fjölbýlishús, það eru átta íbúðir í húsinu.

**Ásta:** Í sumar ætlum við einmitt að flytja líka. Halli, kærastinn minn, býr núna í háhýsi við Skúlagötu og ég bý í raðhúsi í Kópavogi. Við ætlum að kaupa saman einbýlishús í Seljahverfi.

**Óskar:** Það er spennandi, hvenær fáið þið afhent?

**Ásta:** Eftir tvo mánuði. Hvernig er nýja íbúðin þín?

**Óskar:** Hún er mjög stór og björt og svo er útsýnið frábært.

**Ásta:** Er hún í miðbænum?

**Óskar:** Já, alveg við höfnina.

**Ásta:** Það er góður staður. Heyrðu, gangi þér vel að flytja!

**Óskar:** Takk sömuleiðis! Ég bið að heilsa Halla.

**Ásta:** Ég skila því takk, bæ.



**a)** ........................................



**b)** ........................................



**c)** ........................................



**d)** ........................................

| einbýlishús | raðhús | háhýsi | blokk/fjölbýlishús |
|---|---|---|---|

**Hvernig byggingar eru á þessum myndum ?** **Skrifaðu undir myndirnar.**

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Hvað er í húsinu okkar ?**

Hvað heita þessir hlutir?

Númeraðu myndirnar. Þú getur séð á næstu blaðsíðu hvað hlutirnir heita.



© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Þekkir þú þessa hluti á heimilinu ?

| | | |
|---|---|---|
| 1. lampi | 12. vaskur | 23. þvottavél |
| 2. sófi | 13. ofn / bakaraofn | 24. uppþvottavél |
| 3. gluggi | 14. örbylgjuofn | 25. eldavél |
| 4. þurrkari | 15. hilla | 26. rúm |
| 5. koddi / púði | 16. koja | 27. ljós |
| 6. snagi | 17. sturta | 28. borð |
| 7. spegill | 18. snúra | 29. náttborð |
| 8. stóll | 19. motta | 30. sjónvarp |
| 9. hægindastóll | 20. gardína | 31. klósett |
| 10. skápur | 21. kommóða | 32. baðkar |
| 11. ísskápur | 22. hurð | |

**Íbúðin mín – herbergið mitt.** Tölum saman!

| | |
|---|---|
| Í íbúðinni minni / í herberginu mínu er …?… | **NF.** |
| Ég er með …?… og …?… í herberginu. | **ÞF.** |
| En mig vantar …?… og langar að kaupa ...?... | **ÞF.** |

## Vistarverur hússins – Hvernig er íbúðin þín ?

Hvað köllum við „herbergin“ í húsinu ?

| | | | |
|---|---|---|---|
| stofa | …………………………………… | eldhús | …………………………………… |
| borðstofa | …………………………………… | barnaherbergi | …………………………………… |
| forstofa | …………………………………… | hjónaherbergi | …………………………………… |
| geymsla | …………………………………… | svefnherbergi | …………………………………… |
| kjallari | …………………………………… | þvottahús | …………………………………… |
| bílskúr | …………………………………… | baðherbergi | …………………………………… |
| garður | …………………………………… | salerni | …………………………………… |
| svalir | …………………………………… | háaloft | …………………………………… |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Æfum okkur – Hvað gerum við þarna ?

**Hvað passar saman?** Dragðu línu á milli eða skrifaðu númerin í auða reitinn.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1.** | eldhús | | að þvo sér |
| **2.** | stofa | | að sofa |
| **3.** | borðstofa | | að lesa / að horfa á sjónvarpið |
| **4.** | baðherbergi | | að borða |
| **5.** | svefnherbergi | | að búa til matinn / að elda matinn |
| **6.** | barnaherbergi | | að þvo þvottinn |
| **7.** | forstofa | | að geyma bílinn |
| **8.** | þvottahús | | að leika sér með leikföngin |
| **9.** | bílskúr | | að fara úr skónum og hengja upp jakkann |

## Hvar ertu núna ? – Hvert ertu að fara ?

**Hvar er hænan núna ?**
**Hún er** úti



**Hvar vill hænan vera ?**
**Hún vill vera** inni



**Hvert fer hún ?** →
**Hún fer** út

**Hvert fer hún núna ?** →
**Hún fer** inn

**Sérðu muninn á þessu ?** Við **förum** inn í skólann. Við **erum** inni í skólanum.
Hundurinn minn vill **fara** út að ganga.
Kisan mín vill **vera** úti.

**Veldu rétt orð:** inn – inni – út – úti

1. Kristín og Katrín eru ______________ að horfa á sjónvarpið.
2. Markús og Máni fara ______________ á hverjum degi að hlaupa.
3. Við viljum vera ______________ þegar það er vont veður.
4. Ég vil fara ______________ að borða núna.
5. Hvar eru krakkarnir? Þau eru ______________ að leika sér.

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



**Nýja húsið mitt – Hvernig lýsum við húsinu ?**

Segðu félaga þínum frá þessu fína nýja húsi.



**Hvar er …?…** **Staðaratviksorð:**

↑ **uppi** er …

**vinstra megin** er … ← →·← **í miðjunni** er … → **hægra megin** er …

↓ **niðri** er …

**Tölum saman !**

*Í kjallaranum er …?…*

*Á jarðhæð / fyrstu hæð er …?…*

*Á annari hæð er …?…* *Í svefnherberginu er…?…*

*Á háaloftinu er …?…* *Á baðherberginu er …?…*

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Hver á þetta ?** Æfum okkur að nota eignarfornöfn.

Settu orðin hér að neðan í réttar eyður

**þitt – minn – mitt – þín – mín – þinn**

1. Ari, er þetta **íbúðin** ____________? (þú)
2. Hérna inni er **rúmið** __________. (ég)
3. **Stóllinn** ____________ er gamall. (ég)
4. **Kommóðan** __________ er ný. (ég)
5. Helga, var **borðið** _________ ódýrt? (þú)
6. **Glugginn** _________ er alltaf opinn. (þú)

**Hvernig eru myndirnar ? Eru þær alveg eins ?**
Skoðum þetta saman. Finndu 5 villur.



**Hvað passar ?** Gerðu hring utan um rétta orðið.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| a) Íbúðin er … | **hús** | **falleg** | **bíll** | **ekki** |
| b) Jóni finnst svalirnar vera … | **sorglegar** | **of litlar** | **bað** | **garður** |
| c) Eitt svefnherbergi er ekki … | **kjallari** | **garður** | **bílskúr** | **nóg** |
| d) Í sturtunni þvær maður … | **bækur** | **borð** | **hárið** | **bílinn** |
| e) Niðri í húsinu er … | **háaloft** | **garður** | **kjallari** | **efri hæð** |
| f) Í rúminu er gott að … | **sofa** | **keyra** | **lítill** | **gamall** |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



**Æfum okkur að nota lýsingarorð.** Settu rétt orð í eyðurnar.

**a)** stór – stórt – stórar **b)** falleg – fallegur – fallegt **c)** góð – góður – gott
**d)** lítil – lítill – lítið **e)** passleg – passlegur – passlegt **f)** rifin – rifinn – rifið

**a)** **Svalirnar** þínar eru ………………………………….., þar er nóg pláss fyrir stóla og borð.

**b)** Ég elska **húsið** hans Davíðs, það er svo …………………………………… .

**c)** Ásta, er nýja **eldavélin** þín ekki …………………………………..?

**d)** **Stóllinn** minn er allt of ………………………………….., ég verð að kaupa annan stól.

**e)** Þessi **sófi** er alveg …………………………………. fyrir okkar fjölskyldu.

**f)** **Gardínan** hjá krökkunum er …………………………………… .



**Þú varst að flytja í nýtt hús. Hvert setur þú …?...**
Hvað passar saman ? Númeraðu 1 – 10 inn í litlu húsin.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Á háaloftið set ég … | sófann og borðið. |
| 2. | Í vinnuherbergið set ég … | handklæðin og sjampóið. |
| 3. | Í baðherbergið set ég … | tölvuna og skrifborðið. |
| 4. | Í svefnherbergið set ég … | ísskápinn og örbylgjuofninn. |
| 5. | Í forstofuna set ég … | grillið og garðborðið. |
| 6. | Í stofuna set ég … | blómapottana. |
| 7. | Í eldhúsið set ég … | fataskápinn og rúmið. |
| 8. | Í garðinn set ég … | skógrindina og snagana. |
| 9. | Í bílskúrinn set ég … | alla geymslukassana. |
| 10. | Á pallinn set ég … | hjólið og bílinn. |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Hvað passar?** Eitt orð er rétt í hverri línu, gerðu hring utan um það.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **a)** | **Að…** | leggja á | – | skúra | – | búa um | **borðið.** |
| **b)** | **Að…** | kveikja | – | henda | – | elda | **ljósið.** |
| **c)** | **Að…** | loka | – | búa um | – | leggja með | **rúmið.** |
| **d)** | **Að…** | þvo | – | þurrka | – | setja í | **uppþvottavélina.** |
| **e)** | **Að…** | elda | – | skúra | – | svæfa | **matinn.** |
| **f)** | **Að…** | setjast yfir | – | leggjast á | – | setjast á | **stólinn.** |
| **g)** | **Að…** | keyra | – | opna | – | sjóða | **gluggann.** |

**Draumaíbúðin – Teiknaðu inn í ramman hérna hvernig þú vilt hafa íbúðina þína.**

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir



**Flokkum ruslið – Við þurfum að vera dugleg að flokka allt rusl, en hvernig ?**

| Svört tunna | Græn tunna | Rauð tunna | Blá tunna | Brún tunna |
|---|---|---|---|---|
|  |  |  |  |  |
| ……………………… | ……………………… | ……………………… | ……………………… | ……………………… |
| ……………………… | ……………………… | ……………………… | ……………………… | ……………………… |
| ……………………… | ……………………… | ……………………… | ……………………… | ……………………… |
| ……………………… | ……………………… | ……………………… | ……………………… | ……………………… |
| ……………………… | ……………………… | ……………………… | ……………………… | ……………………… |



rafhlöður / batterí



flöskur



matarafgangar



pappi



dósir



pappír / dagblöð / tímarit



plast



gler



málmar

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

| Orðalistinn minn – Ný orð úr þessum kafla | |
|---|---|
| að afhenda | |
| að flytja | |
| bjartur – björt | |
| blokk | |
| einbýlishús | |
| háhýsi | |
| heimili | |
| húsgögn | |
| hæna | |
| höfn | |
| íbúð | |
| kærasti – kærasta | |
| niðri | |
| raðhús | |
| staður | |
| uppi | |
| útsýni | |



**Tónlist vikunnar. Hlustaðu á lagið og gefðu því stjörnur.**

**Lag A:**

**1.** Hvað heitir lagið? ..........................................................................................................

**2.** Hver syngur lagið? ..........................................................................................................

**3.** Hvernig líkar þér lagið? ☆ ☆ ☆ ☆ ☆

**Lag B:**

**1.** Hvað heitir lagið? ..........................................................................................................

**2.** Hver syngur lagið? ..........................................................................................................

**3.** Hvernig líkar þér lagið? ☆ ☆ ☆ ☆ ☆

| Málshættir/orðatiltæki - Þekkir þú orðin? |
|---|
| *Þar skall hurð nærri hælum →* |
| *Sá vægir sem vitið hefur meira →* |
| *Fokið er í flest skjól →* |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

Fyrir kennarann

## Aukaefni – æfingar og textar

### Kafli 1 – Að heilsa og kveðja

### Hver er þetta ? – Tölum saman

**A**






| | Ari | Alice | Ahmed | félagi þinn |
|---|---|---|---|---|
| Hvaðan er … ?<br>Hvaðan ert þú ? | **frá Íslandi** | | **frá Sómalíu** | |
| Hvar býr … núna ?<br>Hvar býrð þú núna ? | | **á Filippseyjum** | | |
| Hvaða tungumál talar …?<br>Hvaða mál talar þú ? | **íslensku og ensku** | | **arabísku og íslensku** | |
| Hvert ætlar … í dag ?<br>Hvert ætlar þú í dag ? | | **í sund** | | |
| Hvað segir … í dag ?<br>Hvað segir þú gott ? | **allt gott** | | **allt sæmilegt** | |

Spurðu félaga þinn! Skrifaðu réttar upplýsingar inn í auðu reitina!

**Dæmi**: **A: Hvaðan er Alice** ? **Hún** er frá Filippseyjum

**A: Hvaðan ert þú**? **Ég** er frá …

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Hver er þetta ? – Tölum saman

**B**

   

| | **Ari** | **Alice** | **Ahmed** | **félagi þinn** |
|---|---|---|---|---|
| Hvaðan er … ?<br>Hvaðan ert þú ? | | **frá Filippseyjum** | | |
| Hvar býr … núna ?<br>Hvar býrð þú núna ? | **í Hafnarfirði** | | **í Reykjavík** | |
| Hvaða tungumál talar…?<br>Hvaða mál talar þú ? | | **ensku og tagalog** | | |
| Hvert ætlar … í dag ?<br>Hvert ætlar þú í dag ? | **í skólann** | | **á æfingu** | |
| Hvað segir … í dag ?<br>Hvað segir þú gott ? | | **ekki gott, hún er veik** | | |

Spurðu félaga þinn! Skrifaðu réttar upplýsingar inn í auðu reitina!

**Dæmi:** **A: Hvaðan er Ari** ? **Hann** er frá Íslandi

**A: Hvaðan ert þú**? **Ég** er frá …

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Athafnir – Hvað gerir…?... – Tölum saman

**A**

   

| | núna | í kvöld | á morgun | um helgina | í fríinu |
|---|---|---|---|---|---|
| **Katrín** | **læra íslensku** | | **prjóna** | **skrifa bréf** | |
| **Kjartan** | | **drekka bjór** | | **elda mat** | |
| **Una og Ari** | | **horfa á sjónvarpið** | | **lesa bók** | **fara á ströndina** |
| **ég** | | | | | |
| **félagi minn** | | | | | |

**Spurðu svona og settu inn svörin:**

**1.** **Dæmi:** **A:** Hvað **er** Kjartan að gera **núna**? **B:** Hann **er** að …

**A:** Hvað **ætla** Una og Ari að gera **á morgun**? **B:** Þau **ætla** að …

**2.** Skrifaðu í reitina hvað þú sjálf/sjálfur ætlar að gera og spurðu svo félaga þinn!

**Dæmi:** **A:** Hvað **ætlar** þú að gera … / Hvað **ert** þú að gera núna?

**A:** Ég **ætla** að … / Ég **er** að …

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Athafnir – Hvað gerir/gera…?... – Tölum saman **B**






| | núna | í kvöld | á morgun | um helgina | í fríinu |
|---|---|---|---|---|---|
| **Katrín** | | **læra fyrir próf** | | | **fljúga til Rómar** |
| **Kjartan** | **vinna** | | **hlusta á tónlist** | | **fara til Parísar** |
| **Una og Ari** | **hitta vini** | | **fara í bíó** | | |
| **ég** | | | | | |
| **félagi minn** | | | | | |

**Spurðu svona og settu inn svörin:**

**1.** **Dæmi:** **B:** Hvað **er** Katrín að gera **núna**? **A:** Hún **er** að …

**B:** Hvað **ætla** Una og Ari að gera **í kvöld**? **A:** Þau **ætla** að …

**2.** Skrifaðu í reitina hvað þú sjálf/sjálfur ætlar að gera og spurðu svo félaga þinn!

**Dæmi:** **B:** Hvað **ætlar** þú að gera … / Hvað **ert** þú að gera núna?

**B:** Ég **ætla** að … / Ég **er** að …

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Raðaðu samtalinu í rétta röð

Allt fínt en ég er bara alltaf að vinna og er pínu þreytt.

Jú, ég ætla einmitt að byrja í næstu viku en þú?

Ég fer oftast þrisvar í viku. Eigum við kannski að fara saman?

Æ en glatað! Hefur þú samt ekki tíma til að fara í ræktina?

Hæ Mikael! Hvað segirðu gott?

Já flott, sjáumst!

Allt gott en þú?

Góð hugmynd Mikael!  Hringdu í mig fljótlega!

Frábært, ég hringi í þig í vikunni!  Sjáumst!

**Fyrir kennarann!** Hér væri gott að ljósrita síðuna, klippa setningarnar í sundur og láta nemendur raða samtalinu rétt upp.

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Tölurnar – Tölum saman **A**

   

| | **Bjarni** | **Karítas** | **ég sjálf**<br>**ég sjálfur** | **félagi þinn** |
|---|---|---|---|---|
| Hvert er póstnúmer hjá Bjarna / þér (mér) ? | | **210** | | |
| Hvert er símanúmerið hjá Karítas / þér (mér) ? | **897-55-13** | | | |
| Hvaða strætó tekur …? | | **45** | | |
| Hvaða ár fæddist …? Hann/hún/ég fæddist árið… | | **2007** | | |
| Hvað kostar máltíðin í skólanum hjá Karítas / þér? | **1.220 krónur** | | | |
| Hvaða ár klárar Karítas / þú námið? … árið… | **2024** | | | |
| Hvað kostar að fara í sund hjá Karítas / þér (mér)? | **980 krónur** | | | |

Spurðu félaga þinn! Skrifaðu réttar tölur inn í auðu reitina!

**Dæmi**: **1. A:** Hvert er póstnúmerið hjá Bjarna?
**B:** Póstnúmerið hjá Bjarna er fjögur hundruð og fimmtíu.
**2. A:** Hvert er póstnúmerið hjá **þér**?
**B:** Póstnúmerið hjá **mér** er …

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Tölurnar – Tölum saman **B**

   

| | **Bjarni** | **Karítas** | **ég sjálf**<br><br>**ég sjálfur** | **félagi þinn** |
|---|---|---|---|---|
| Hvert er póstnúmerið hjá Karítas / þér (mér) ? | **450** | | | |
| Hvert er símanúmerið hjá Bjarna / þér (mér) ? | | **692-47-23** | | |
| Hvaða strætó tekur …? | **52** | | | |
| Hvaða ár fæddist …? Hann/hún/ég fæddist árið… | **2002** | | | |
| Hvað kostar máltíðin í skólanum hjá Bjarna / þér? | | **1.150 krónur** | | |
| Hvaða ár klárar Bjarni / þú námið? … árið … | | **2025** | | |
| Hvað kostar að fara í sund hjá Bjarna / þér (mér)? | | **870 krónur** | | |

Spurðu félaga þinn! Skrifaðu réttar tölur inn í auðu reitina!

**Dæmi**: **1. B:** Hvert er póstnúmerið hjá Karítas?
**A:** Póstnúmerið hjá Karítas er tvö hundruð og tíu.
**2. B:** Hvert er póstnúmerið hjá **þér**?
**A:** Póstnúmerið hjá **mér** er …

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Kafli 3 – Maturinn**

## Klukkan – Tölum saman

# A






| | Baldur | Kristín | ég sjálf<br><br>ég sjálfur | félagi þinn |
|---|---|---|---|---|
| að fara á fætur (…fer…) | | **7:15** | | |
| að borða morgunmat | **6:50** | | | |
| að fara í strætó (…fer…) | | **7:35** | | |
| vinnan / skólinn – byrjar | | **8:00** | | |
| að borða hádegismat | **12:15** | | | |
| að vera í fríi | **16:00** | | | |
| að fara í ræktina (…fer…) | **18:30** | | | |
| að fara að sofa (…fer…) | | **2:55** | | |

Spurðu félaga þinn! Skrifaðu réttan tíma inn í auðu reitina!

**Dæmi**: **A:** Klukkan hvað **fer** Baldur á fætur?

**B:** Hann **fer** á fætur klukkan *hálf sex.*

**A:** Klukkan hvað **ferð** þú á fætur?

**B:** Ég fer á fætur klukkan …?...

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Klukkan – Tölum saman **B**






| | Baldur | Kristín | Ég sjálf<br>Ég sjálfur | Félagi þinn |
|---|---|---|---|---|
| að fara á fætur (…fer…) | **5:30** | | | |
| að borða morgunmat | | **7:25** | | |
| að fara í strætó (…fer…) | **7:25** | | | |
| vinnan/ skólinn – byrjar | **7:10** | | | |
| að borða hádegismat | | **13:20** | | |
| að vera í fríi | | **17:00** | | |
| að fara í ræktina (…fer…) | | **20:15** | | |
| að fara að sofa (…fer…) | **22:45** | | | |

Spurðu félaga þinn! Skrifaðu réttan tíma inn í auðu reitina!

**Dæmi:** **A:** Klukkan hvað **fer** Kristín á fætur?

**B:** Hún **fer** á fætur klukkan *korter yfir sjö*.

**A:** Klukkan hvað **ferð** þú á fætur?

**B:** Ég **fer** á fætur klukkan …?...

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Matur/máltíðir – Tölum saman **A**

### Hvað borða/drekka þau? Hvað borðar/drekkur þú?

| | í morgunmat | í hádegismat | síðdegis | í kvöldmat | Hver er uppáhaldsmatur ? |
|---|---|---|---|---|---|
|  Snorri | morgunkorn og kaffi | samloka og kókómjólk | banani | fiskur og kartöflur | lambalæri með kartöflum og sósu |
|  Kristín | | | | | |
|  Andrea | jógúrt og safi | grænmeti | orku-stykki og skyr | hrísgrjón með grænmeti | kjúklingur og sætar kartöflur |
|  Pavel | | | | | |
| **ÉG →** | | | | | |
| **ÞÚ →** | | | | | |

Spurðu félaga þinn! Skrifaðu réttan tíma inn í auðu reitina!

**Dæmi:** **A:** Hvað **borðar/drekkur** Kristín í morgunmat?

**B:** Hún **borðar/drekkur** …

**A:** Hvað **borðar/drekkur** þú síðdegis?

**B:** Ég **borða/drekk** …?...

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Matur/máltíðir – Tölum saman **B**

**Hvað borða/drekka þau?** **Hvað borðar/drekkur þú?**

| | **í morgunmat** | **í hádegismat** | **síðdegis** | **í kvöldmat** | **Hver er uppáhaldsmatur ?** |
|---|---|---|---|---|---|
|  Snorri | | | | | |
|  Kristín | **brauðsneið og te** | **pítsa og gos** | **epli og kex** | **kjötbollur** | **plokkfiskur og eplakaka** |
|  Andrea | | | | | |
|  Pavel | **ekkert** | **núðlusúpa** | **brauð með osti og te** | **hnetu-steik og salat** | **hamborgari með frönskum** |
| **ÉG →** | | | | | |
| **ÞÚ →** | | | | | |

Spurðu félaga þinn! Skrifaðu réttan tíma inn í auðu reitina!

**Dæmi:** **B:** Hvað **borðar/drekkur** Andrea í morgunmat?

**A:** Hún **borðar/drekkur** …

**B:** Hvað **borðar/drekkur** þú síðdegis?

**A:** Ég **borða/drekk** …?...

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Samtal á veitingastað Settu samtalið í rétta röð

Gunnhildur og Haukur eru á veitingastað að panta mat.

- [ ] **Gunnhildur:** Ég myndi vilja fá einn lítinn bjór.
- [ ] **Þjónn:** … Gjörið þið svo vel. Eruð þið tilbúin að panta matinn?
- [ ] **Þjónn:** Já, hérna er borðið ykkar og matseðlar. Hvað má bjóða ykkur að drekka?
- [ ] **Þjónn:** Góða kvöldið. Eigið þið pantað borð?
- [ ] **Haukur:** Já, mig langar að prófa sveppasúpuna og fisk dagsins.
- [ ] **Gunnhildur:** Já, fyrir Gunnhildi klukkan hálf átta. Borðið er fyrir tvo.
- [ ] **Gunnhildur:** Ég vil ekki forrétt en mig langar í lambakjöt og bakaða kartöflu.
- [ ] **Haukur:** Og ég myndi vilja fá eitt rauðvínsglas og könnu með vatni.
- [ ] **Þjónn:** En hvað má bjóða þér?

**Eftir aðalréttinn…….**

- [ ] **Þjónn:** Glæsilegt. Ég kem með eftirréttina eftir augnablik.
- [ ] **Haukur:** Takk fyrir.
- [ ] **Þjónn:** … Jæja, hvernig smakkaðist maturinn?
- [ ] **Haukur:** Ég ætla að fá súkkulaðiköku og kaffi takk.
- [ ] **Haukur** Já, sammála. Fiskurinn var æðislegur. Mig langar í eftirrétt. Hvað er til?
- [ ] **Gunnhildur:** Og mig langar í eplaköku og te.
- [ ] **Þjónn:** Við eigum súkkulaðiköku, eplaköku og vanilluís með bláberjum.
- [ ] **Gunnhildur:** Mjög vel. Þetta var allt mjög gott.

**Fyrir kennarann!** Hér væri gott að ljósrita síðuna, klippa setningarnar í sundur og láta nemendur raða samtalinu rétt upp.

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Hlutverkaleikur –** Einn leikur þjón (**A**) aðrir leika gesti (**B**).
Matseðill er á næstu síðu.

**A. Þjónn**

| |
|---|
| 1. Góðan daginn, velkomin/velkominn. |
| 4. Já, gjörðu/gjörið svo vel, hérna er mjög gott borð. |
| 5. Hvað má bjóða þér/ykkur að drekka?<br><br>7. Ert þú/eruð þið búin að ákveða hvað þú vilt/þið viljið í aðalrétt?<br><br>9. Já fíntt. |
| **aðeins seinna** |
| 10. Má bjóða þér/ykkur eftirrétt?<br><br>12. a. Hvort viltu súkkulaðiköku eða eplaböku, ísinn er því miður búinn.<br><br>12. b. En má ég færa þér/ykkur te eða kaffi ? |
| **seinna** |
| 15. Já sjálfsagt. Hvernig bragðaðist maturinn? |
| 17. Það eru þá …?… krónur. |
| 19. Kærar þakkir, njóttu/njótið dagsins/kvöldsins! |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## **B.** Gestur / gestir

| |
|---|
| 2. Góðan daginn. |
| 3. Eigið þið laust borð fyrir einn, tvo, þrjá, fjóra … ?... |
| 6. Ég myndi vilja …?...<br><br>8. Já, í aðalrétt langar mig í …?... **ÞF.** |
| **aðeins seinna** |
| 11. a. Já takk.<br><br>11. b. Nei takk.<br><br>13. a. Ég ætla að fá …?...<br><br>13. b. Já takk, einn / tvo…?... takk. |
| **seinna** |
| 14. Afsakið! Get ég fengið reikninginn takk? |
| 16. Mjög vel! |
| 18. Gjörðu svo vel, hérna er kortið mitt. |
| 20. Takk sömuleiðis, bless! |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

# Matstöðin

## Matseðill

| Matur | |
|---|---|
| 1. Skyr með ferskum berjum og rjóma | 980 kr |
| 2. Samloka með kjúklingi káli og sinnepssósu | 1790 kr |
| 3. Fiskisúpa með brauði | 2150 kr |
| 4. Pasta með kjötsósu | 3200 kr |
| 5. Hamborgari með osti, káli, lauk, sósu og frönskum kartöflum | 3120 kr |
| 6. Grænmetisborgari með salati | 3080 kr |
| 7. Djúpsteiktur fiskur með frönskum kartöflum | 3300 kr |
| 8. Sesarsalat | 1850 kr |
| 9. Grískt salat | 1640 kr |

| Drykkir | |
|---|---|
| Eplasafi | 350 kr |
| Appelsínusafi | 350 kr |
| Mjólk | 250 kr |
| Sódavatn | 390 kr |
| Gos | 390 kr |
| Pilsner | 420 kr |
| Bjór, lítill | 790 kr |
| Bjór, stór | 990 kr |
| Hvítvín, glas | 1000 kr |
| Rauðvín, glas | 1000 kr |

| Eftirréttir | |
|---|---|
| 10. Súkkulaðikaka með rjóma | 1100 kr |
| 11. Heit eplabaka með ís | 1100 kr |
| 12. Ís með ferskum berjum | 1100 kr |

*Takk fyrir komuna!*
*Verið velkomin aftur!*

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Kafli 4 – Skólinn og vinnan**

**Steinunn og Ragnar hittast.** **Raðaðu samtalinu í rétta röð.**

Nú, fórstu í sjúkraliðanám?

Hæ Ragnar! Ekki mikið, ég er bara alltaf að vinna.

Hvar ertu að vinna núna?

Ég er að vinna hjá símafyrirtæki í Reykjavík.

Ertu þá að vinna sem rafvirki í dag?

Já, eigum við kannski að fara saman á kaffihús fljótlega?

Hæ Steinunn! Hvað er að frétta?

Já, ég útskrifaðist frá FÁ árið 2020. En þú Ragnar hvað ert þú að gera núna?

Flott hjá þér Ragnar! Það er alltaf svo gaman að hitta þig.

Já, ég kláraði námið í Tækniskólanum og er rafvirki.

Ég vinn á Landsspítalanum, ég er sjúkraliði.

Já, það er frábær hugmynd, ég hringi í þig í næstu viku, bæ!

**Fyrir kennarann!** Hér væri sniðugt að ljósrita síðuna, klippa setningarnar í sundur og láta nemendur raða samtalinu rétt upp.

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Áhugamálin – Tölum saman

**A**

### Hvað gera þau í frítíma sínum?   En þú?

**1. Hvað finnst honum / henni gaman að gera ? -** Spurðu félaga þinn.
**Þú:** Hvað er ... gamall / gömul ?

Hvað finnst honum / henni gaman að gera ?

**Félagi þinn:** Hann / Hún er ... ára gamall / gömul .

Honum / henni finnst gaman að...

|  |  |  |  |
|---|---|---|---|
| **STEFÁN 19** | **ELÍN 16** | **JÓNAS 18** | **HALLDÓRA 20** |
| fótbolti | ........................... | .............................. | spila á píanó |
| skák | ........................... | .............................. | spila körfubolta |
| synda | ........................... | .............................. | hjóla |

**2. Hver eru þín áhugamál ?**

Ræddu við félaga þinn um hvað þið gerið í ykkar frítíma.

Hvað finnst ykkur sjálfum gaman að gera ?

*Mér finnst gaman að ...?...*

*Mig langar að ...?...*

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Áhugamálin – Tölum saman

**B**

### Hvað gera þau í frítíma sínum? En þú?

**1. Hvað finnst honum / henni gaman að gera ? -** Spurðu félaga þinn.
**Þú:** Hvað er ... gamall / gömul ?

Hvað finnst honum / henni gaman að gera ?

**Félagi þinn:** Hann / Hún er ... ára gamall / gömul .

Honum / henni finnst gaman að...






| **STEFÁN** | **ELÍN 16** | **JÓNAS 18** | **HALLDÓRA 20** |
|---|---|---|---|
| ........................... | spila á gítar | handbolti | ................................ |
| ........................... | ljósmyndun | leiklist | ................................ |
| ........................... | hlusta á tónlist | tölvuleikir | ................................ |

**2. Hver eru þín áhugamál ?**

Ræddu við félaga þinn um hvað þið gerið í ykkar frítíma.

Hvað finnst ykkur sjálfum gaman að gera ?

*Mér finnst gaman að ...?...*

*Mig langar að ...?...*

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

# Hvert fór fólkið – Tölum saman

**A**

## Hvað gerði fólkið um helgina?

**Sagnorðið að fara er svona í þátíð: hann / hún fór ...?... – þau fóru ...?...**

| Hver? | Hvert? |
|---|---|
| Axel | **í** húsdýragarðinn |
| Margrét | ........................................................................................................... |
| Júlíus og Anna | **á** flugvöllinn |
| Anastasia | ........................................................................................................... |
| Danil | **á** tónleika |
| Jessica | ........................................................................................................... |
| Tryggvi | **í** ferðalag |
| Þórdís | ........................................................................................................... |
| Jakob og Páll | ........................................................................................................... |
| Lena | **í** sund |
| Ivan | **í** matvörubúðina |
| Freyja | ........................................................................................................... |

**Dæmi:**

*Hvert fór* ***Margrét*** *um helgina?* *Hún fór í / á ...?...*

*Hvað gerðu* ***Jakob og Páll*** *um helgina?* *Þeir ...?... um helgina.*

***Getur þú stafað það fyrir mig?***

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

# Hvert fór fólkið – Tölum saman

**B**

## Hvað gerði fólkið um helgina?

**Sagnorðið að fara er svona í þátíð: hann / hún fór ...?... – þau fóru ...?...**

| Hver? | Hvert? |
| --- | --- |
| Axel | ........................................................................................................ |
| Margrét | í bíó |
| Júlíus og Anna | ........................................................................................................ |
| Anastasia | í bæinn |
| Danil | ........................................................................................................ |
| Jessica | í skemmtigarðinn |
| Tryggvi | ........................................................................................................ |
| Þórdís | í íþróttahúsið |
| Jakob og Páll | á diskótekið |
| Lena | ........................................................................................................ |
| Ivan | ........................................................................................................ |
| Freyja | á safnið |

**Dæmi:**

*Hvert fór* ***Axel*** *um helgina?* *Hann fór í / á ...?...*

*Hvað gerðu* ***Júlíus og Anna*** *um helgina?* *Þau ...?... um helgina.*

***Getur þú stafað það fyrir mig?***

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Hátíðir og sérstakir dagar á Íslandi. Vissir þú þetta ?

**Bolludagur ...**
er haldinn á mánudegi sjö vikum fyrir páska. Á þessum degi borða Íslendingar rjómabollur. Margir baka sjálfir bollur heima en aðrir fara í bakarí og kaupa bollur.



**Sprengidagur …**
er haldinn á þriðjudegi (daginn eftir bolludaginn). Þá borða Íslendingar baunasúpu og saltkjöt. Allir eiga að reyna að borða mjög mikið, þangað til þeir eru alveg að springa.



**Öskudagur …**
er svo haldinn á miðvikudeginum í þessari sömu viku. Þá fara krakkar í skrautlega búninga, ganga í hús og fyrirtæki, syngja lög og fá sælgæti fyrir sönginn.



**Páskar …**
eru haldnir í mars eða apríl til að halda upp á upprisu Jesú.
Á páskadag fá börnin súkkulaðipáskaegg og margar búðir eru lokaðar. Á annan í páskum eru skólar og mörg fyrirtæki lokuð.



**Sumardagurinn fyrsti …**
er alltaf haldinn á fimmtudegi milli 19. og 25. apríl til að fagna sumrinu.



**Baráttudagur verkalýðsins …**
er haldinn 1. maí og er alþjóðlegur frídagur verkafólks. Margir fara í kröfugöngur þennan dag og þá er frí í skólum.



**Sjómannadagurinn …**
er haldinn fyrsta sunnudag í júní til heiðurs öllum sjómönnum landsins. Hátíðir eru haldnar um allt land.



**Þjóðhátíðardagur Íslendinga …**
er 17. júní en þá er haldið upp á stofnun lýðveldis Íslands. Þennan dag eru haldnar hátíðir um allt land. Fólk fer í fín föt, börnin fá blöðru og margir eru með íslenska fánann.



© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Frídagur verslunarmanna …**
er fyrsta mánudag í ágúst. Þá fá flestir frí en þá er ein aðal ferðahelgi Íslendinga. Þessa helgi er líka haldin Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum sem er ein stærsta útihátíð á Íslandi. Þar skemmta sér mörg þúsund manns í þrjá til fimm daga.



**Gleðigangan …**
er alltaf annan laugardag í ágúst. Hún er haldin til að minna á baráttu hinsegin fólks. Þennan dag koma alltaf margir saman í miðbæ Reykjavíkur.



**Menningarnótt …**
er alltaf á laugardegi í kringum afmæli Reykjavíkur sem er 18. ágúst. Þetta er ein stærsta hátíð ársins í Reykjavík. Þá er maraþon í Reykjavík og tónleikar um alla borg.



**Dagur íslenskrar tungu …**
er haldinn 16. nóvember. Þá er vakin athygli á íslensku sem tungumáli. Dagurinn er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar skálds sem bjó til fjölmörg orð í íslensku.




**Fullveldi Íslands …**
var stofnað 1. desember 1918 og þá fengu Íslendingar líka sinn eigin fána.



**Þorláksmessa …**
þann 23. desember er síðasti dagur fyrir jólahátíðina. Fólk kaupir gjafir og borðar skötu. Búðir eru opnar fram eftir kvöldi.



**Aðfangadagur …**
er 24. desember og er aðaldagur jólanna á Íslandi. Þá gefur fólk gjafir og borðar góðan mat með fjölskyldunni. Líka er haldið upp á jóladag þann 25. og 26. desember er kallaður „annar í jólum“.



**Gamlársdagur …**
er 31. desember. Þá fagna Íslendingar áramótum með góðum mat, flugeldasýningu og brennum. Á miðju kvöldi horfa svo allir á áramótaskaupið í sjónvarpinu.



**Nýjársdagur …**
er 1. janúar og er frídagur, nánast allt er lokað þann dag.



***Hver er aðal hátíðin í þínu upprunalandi?*** ___________________________________________

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Kafli 5 – Líkaminn og heilsan

## Heilsan – Tölum saman

# A

   

| | Bjarni | Karítas | ég sjálf<br>ég sjálfur | félagi þinn |
|---|---|---|---|---|
| Hvernig leið Bjarna / þér (mér) í fyrradag ? | | **hún var hress** | | |
| Hvernig leið Karítas / þér (mér) í gær ? | **hann var veikur** | | | |
| Hvernig leið Bjarna / þér (mér) um helgina ? | | **henni er illt í fæti** | | |
| Hvernig líður Karítas / þér (mér) í dag ? | **hann er mjög þreyttur** | | | |
| Í hvernig skapi var Bjarni á mánudaginn? (en þú?) | | **hún er glöð** | | |
| Í hvernig skapi var Karítas á þriðjudaginn? (en þú?) | **hann er dapur** | | | |

Spurðu félaga þinn! Skrifaðu upplýsingarnar inn í auðu reitina!

**Dæmi**: **1. A: Hvernig leið** Bjarna í gær?
**B:** Hann var slappur

**2. A: Hvernig leið þér í gær** ?
**B: Mér** leið …?... / **Ég var** …?...

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Heilsan – Tölum saman **B**

   

| | Bjarni | Karítas | ég sjálf<br><br>ég sjálfur | félagi þinn |
|---|---|---|---|---|
| Hvernig leið Karítas / þér (mér) í fyrradag ? | **hann var slappur** | | | |
| Hvernig leið Bjarna / þér (mér) í gær ? | | **hún var kvefuð** | | |
| Hvernig leið Karítas / þér (mér) um helgina ? | **honum líður illa** | | | |
| Hvernig líður Bjarna / þér (mér) í dag ? | | **hún er syfjuð** | | |
| Í hvernig skapi var Karítas í dag? (en þú?) | **hann er í góðu skapi** | | | |
| Í hvernig skapi er Bjarni í dag? (en þú?) | | **hún er döpur** | | |

Spurðu félaga þinn!    Skrifaðu upplýsingarnar inn í auðu reitina!

**Dæmi**:    **1. A: Hvernig leið** Karítas í gær?
**B:** Hún var hress.
**2. A: Hvernig leið þér í gær** ?
**B: Mér** leið …?...   / **Ég var** …?...

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

## Hákon fer til læknis. Raðaðu samtalinu í rétta röð.

Frábært! Takk fyrir Guðmundur.

Já ég er í handbolta og datt en fann ekki neinn verk fyrr en núna.

Góðan dag. Ég er að drepast í handleggnum.

Já ég er til í það.

**Jæja Hákon hér eru niðurstöður úr myndatökunni. Þú ert brotinn.**

Er það? Fer ég þá í gifs núna?

**Þú þarft að fara í röntgenmyndatöku strax!**

**Já, þú ferð í gifs strax. Við hittumst svo aftur eftir 4 vikur.**

**Hvað kom fyrir? Dastu?**

**Góðan daginn Hákon. Hvað kom fyrir þig?**

**Fyrir kennarann!** Hér væri gott að ljósrita síðuna, klippa setningarnar í sundur og láta nemendur raða samtalinu rétt upp.

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

**Kafli 6 – Heimilið**

## Hvernig finnst þér, honum, henni …? – Tölum saman

# A





| | Davíð finnst … | Elísa Elísu finnst … | Ég sjálf/-ur<br>Hvernig finnst þér …?<br>Mér finnst … | En félaga þínum?<br>Honum/henni finnst … |
|---|---|---|---|---|
| Skólinn | | góður | | |
| Ísland | | allt í lagi | | |
| Fótbolti | ekkert sérstakur | | | |
| Þessi æfing | frábær | | | |
| Skólastofan | | frábær | | |
| Sumarið | fínt | | | |
| Íbúðin | | ágæt | | |
| Íslensku-bókin | hræðileg | | | |
| Veturinn | allt í lagi | | | |
| Íslenskar bíómyndir | mjög góðar | | | |
| Skór kennarans | | hræðilegir | | |

(grátt svæði = fleirtöluorð)

Spurðu þann sem situr hjá þér og skrifaðu svörin í reitina!

Dæmi: **1. A:** Hvernig finnst Davíð skólinn?
**B:** Leiðinlegur.
**2. Þú:** Hvernig finnst **þér** skólinn? **Mér finnst …?…**

| | | |
|---|---|---|
| + + frábær | + ágæt | - - alls ekki góð |
| + + glæsileg | + - allt í lagi | - - hræðileg |
| + + mjög góð | + - frekar skrítin | - - ömurleg |
| + flott | - ekkert sérstök | - - skelfileg |
| + fín | - óspennandi | - - leiðinleg |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir

# Hvernig finnst þér, honum, henni ...?... – Tölum saman **B**




| | **Davíð** finnst ... | **Elísa** Elísu finnst ... | **Ég sjálf/-ur**<br>Hvernig finnst þér ...?<br>**Mér finnst ...** | **En félaga þínum?**<br>**Honum/henni finnst ...** |
|---|---|---|---|---|
| **Skólinn** | leiðinleg**ur** | | | |
| **Ísland** | frábær**t** | | | |
| **Fótbolti** | | ömurleg**ur** | | |
| **Þessi æfing** | | alls ekki góð | | |
| **Skólastofan** | hræðileg | | | |
| **Sumarið** | | leiðinleg**t** | | |
| **Íbúðin** | mjög góð | | | |
| **Íslensku-bókin** | | ágæt | | |
| **Veturinn** | | skemmtileg**ur** | | |
| **Íslenskar bíómyndir** | | frekar skrítn**ar** | | |
| **Skór kennarans** | (ekki) flott**ir** | | | |

(grátt svæði = fleirtöluorð)

Spurðu þann sem situr hjá þér og skrifaðu svörin í reitina!

Dæmi: **1. B:** Hvernig finnst Elísu skólinn?
**A:** Góður.
**2. Þú:** Hvernig finnst **þér** skólinn?
**Mér** finnst ...?...

| | | |
|---|---|---|
| + + frábær | + ágæt | - - alls ekki góð |
| + + glæsileg | + - allt í lagi | - - hræðileg |
| + + mjög góð | + - frekar skrítin | - - ömurleg |
| + flott | - ekkert sérstök | - - skelfileg |
| + fín | - óspennandi | - - leiðinleg |

© Kristjana Þórdís Jónsdóttir & Sigrún Eiríksdóttir